

RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Ritröð Mannréttindaskrifstofu Íslands,
rit nr. 9

Höfundar

*Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal,
Erna Sif Jónsdóttir, Guðrún Dögg Guðmundsdóttir
og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir*



MANNRÉTTINDASKRIFSTOFA ÍSLANDS
ICELANDIC HUMAN RIGHTS CENTRE

*Rit þetta er styrkt af
rannsóknasjóði Mannréttindaskrifstofu Íslands,
innanríkis- og velferðarráðuneytum.*

Ritröð Mannréttindaskrifstofu Íslands:

1. *Mannréttindi í Stjórnarskrá*
2. *Mannréttindastarf Sameinuðu þjóðanna*
3. *Universal Justice Through International Criminal Law*
4. *Our Dreams Will Never Die – The Struggle for Self-Determination of East Timor*
5. *Mannréttindadómstóll Evrópu: Stefnumótandi áhrif á landsrétt! Þema:
Dómar í málum einstaklinga sem hafa skipt um kyn*
6. *Peoples' Europe – Aspects of Democracy in the European Union*
7. *Pater est – aðild þriðja manns að vefengarmáli*
8. *Þjóðbundnar mannréttindastofnanir*
9. *Réttindi transgenderfólks á Íslandi*

© Mannréttindaskrifstofa Íslands 2012

Túngata 14

101 Reykjavík

www.mannrettindi.is

Ritröð Mannréttindaskrifstofu Íslands, rit nr. 9

Réttindi transgenderfólks á Íslandi

Höfundar: Sandra Lyngdorf, Kolbrún Birna Árdal, Erna Sif Jónsdóttir,
Guðrún Dögg Guðmundsdóttir og Jóna Aðalheiður Pálmadóttir

*Mannréttindaskrifstofa Íslands kann Önnu Kristjánsdóttur bestu þakkar
fyrir gagnlegar ábendingar og yfirllestur.*

Umbrot: Egill Baldursson ehf.

Prentun: Leturprent ehf.

ISBN:978-9979-9919-6-0

EFNISYFIRLIT

Orðalisti	5
Skammstafanir	7
Inngangur	9
1. Hvað er transgender?	11
1.1 Transgender í stuttu máli	11
1.2 TS í sögulegu ljósi	13
1.3 „Þriðja kynið“	14
1.4 Læknisfræðilegar orsakir og greining TS	16
2. Meðferð fyrir TS einstaklinga	20
2.1 Reynslutímabilið	20
2.2 Hormónameðferð	21
2.3 Aðgerð til leiðréttingar á kyni (SRS)	22
2.4 Aðrar aðgerðir er tengjast kynleiðréttingu	22
3. Lagaumhverfi	24
3.1 Löggjöf í ýmsum Evrópulöndum	24
3.2 Evrópuráðið	35
3.3 Þjóðaréttur	44
4. Íslenskur réttur	47
4.1 Almennt	47
4.2 Framkvæmdin	48
4.3 Lög um mannanöfn nr. 45/1996	50
4.4 Hjúskaparlög nr. 31/1993	52
4.5 Barnalög nr. 76/2003	52
5. Niðurlag	53
Heimildaskrá	54



ORÐALISTI

Lítil hefð er fyrir mörgum af þeim heitum sem notuð eru í þessari skýrslu. Lögð hefur verið áhersla á að fara að vilja transgender fólks og nota t.d. ekki orðið *kynskiptingur*, sem þykir niðurlægjandi, og í stað orðsins *kynskiptaaðgerð* er notað orðið *kynleiðrétting* eða *leiðrétting á kyni*. Eftirfarandi skilgreiningar geta reynst gagnlegar til að útskýra mikilvæg hugtök sem notuð eru í tengslum við transgender. Flestar eru þær fengnar úr leiðbeiningum Amerísku heilbrigðismálastofnunarinnar (PAHO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (WHO) í samstarfi við Alþjóðasamband kynfræðinga (WAS).¹

Kyn (e. *sex*): Kyn vísar til líffræðilegra þátta og eiginleika sem skilgreina einstaklinga sem karlkyns, kvenkyns eða millikyns (e. *intersex*). Kyn fólks stjórnast af hormónaferli sem hefst löngu fyrir fæðingu.

Kyngervi (e. *gender*): Þegar talað er um kyngervi er átt við menningarbundin gildi, viðhorf, hlutverk, venjur og einkenni sem byggjast á kyni. Hugtakið vísar því til þeirrar hegðunar sem einkennir hvort kynið fyrir sig og kemur sú hegðun fram hjá ungum börnum. Börn verða snemma meðvituð um það hvoru kyninu þau tilheyra og eftir barnæsku er afar erfitt að breyta kyngervi þeirra. Kyngervi er hinn samfélagslega mótaði munur á konum og körlum og því er um lærða hegðun að ræða. Enn fremur má segja að kyngervi sé það sem talið er viðeigandi eða æskileg hegðun einstaklings út frá kyni hans. Þeir sem geta ekki eða vilja ekki fylgja félagslegum kynjaviðmiðum sem tengd eru kyni viðkomandi eru með breytilegt kyngervi (e. *gender variants*).

Kynvitund (e. *gender identity*): Einnig kallað *kynsamsömun* eða *kynímynd*. Þegar talað er um kynvitund er átt við af hvaða kyni einstaklingurinn upplifir sig, þ.e. hvort hann upplifir sig sem karlkyns eða kvenkyns. Slík upplifun er ein af grunnstoðum persónuleikans og er tilfinning einstaklings fyrir eigin kyngervi, sem miðlað er til annarra með tjáningu á kyn-

¹ Pan American Health Organization (PAHO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO): *Promotion of Sexual Health. Recommendations for Action*. Leiðbeiningar unnar í samstarfi við World Association for Sexology (WAS), Gvatemala, 2000. <http://www.paho.org/English/HCP/HCA/PromotionSexualHealth.pdf>

6 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

gervinu (*e. gender expression*) sem kemur fram m.a. í fatavali, hegðun og útliti.² Einstaklingur upplifir sig sem konu, karl, bæði kyn, hvorugt kynið eða sem kyn á milli konu og karls („þriðja kynið“). Hjá flestum falla kyn og kynvitund saman, þ.e. konur samsama sig öðrum konum og karlar samsama sig öðrum körlum. Hins vegar er þetta flóknara þegar um transsexúal einstaklinga er að ræða, t.d. getur kona verið með karllæga kynvitund og öfugt.

Millikyn (*e. intersexuality*): Fólk sem er millikyns hefur erfðafræðileg, líkamleg og/eða hormónaleg einkenni sem ekki er auðveldlega hægt að flokka sem annaðhvort karlkyns eða kvenkyns. Fólk með slíka kynferðistvíværðni fæðist með einkenni á milli beggja kynja; líffæri þeirra og líkamsbygging eru annaðhvort tvíværð eða bera mismikil karlkyns og kvenkyns einkenni.

Kynhneigð (*e. sexual orientation*): Þegar fólk laðast að einstaklingum af ákveðnu kyni. Gagnkynhneigðir einstaklingar laðast að einstaklingum af gagnstæðu kyni, samkynhneigðir einstaklingar laðast að einstaklingum af sama kyni og tvíkynhneigðir einstaklingar laðast að báðum kynjum.

Kynáttunarvandi (*e. gender identity disorder/gender dysphoria*): Talað er um kynáttunarvanda þegar einstaklingur upplifir frá unga aldri að líkami hans sé af röngu kyni og óskar þess að tilheyra hinu kyninu. Einstaklingur sem haldinn er kynáttunarvanda vill ekki endilega gangast undir kynleiðréttingu (sjá skilgreiningu að neðan) heldur kýs hann jafnvel fremur að lifa félagslega í því kynhlutverki sem er í andstöðu við líffræðilegt kyn hans án þess að gangast undir skurðaðgerð.³

Transgender: Transgender er regnhlifarhugtak sem notað er yfir margs konar kyngervi sem ekki falla undir hefðbundin kyngildi. Transgender á þannig bæði við um kyngervi og kynvitund en er ótengt kynhneigð, þ.e. transgender einstaklingur getur verið gagnkynhneigður, samkynhneigður eða tvíkynhneigður. Transgender er afar vítt hugtak sem merkir í raun að einstaklingur „fer út fyrir“ (*e. transcend*) hefðbundin viðmið um karla og konur, þ.e. með klæðaburði, hegðun og jafnvel með mörgum og flóknum aðgerðum til að breyta sínu líffræðilega kyni í hið gagnstæða. Þar af leiðandi falla t.d. bæði klæðskiptingar, sem ekki vilja láta breyta kyni sínu, sem og þeir sem gangast undir fulla kynleiðréttingu undir hugtakið transgender.⁴

² Pan American Health Organization (PAHO) og Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO): *Promotion of Sexual Health. Recommendations for Action*. Bls. 7.

³ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli IV.

⁴ Stephen Whittle, Lewis Turner og Maryam Al-Alami: „Engendered Penalties: Transgender and Transsexual People’s Experience of Inequality and Discrimination“, bls. 6.

Transsexúal/TS (e. *transsexual*): Transsexúal er einstaklingur sem vill lifa og vera samþykktur af samfélaginu sem einstaklingur af gagnstæðu kyni. Einstaklingurinn upplifir oft mikla vanlíðan og óþægindi við að lifa í þeim líkama sem hann fæddist í og vill jafnvel gangast undir erfiðar og flóknaðar aðgerðir til að leiðrétta kyn sitt, þ.e. hann er haldinn kynáttunarvanda. Talað er um transsexúal einstaklinga hvort sem þeir hafa farið í kynleiðréttingu (e. *post-op*) eða hyggjast fara í kynleiðréttingu (e. *pre-op*). Einnig eru þeir einstaklingar sem ekki vilja gangast undir kynleiðréttingu, en vilja engu að síður lifa sem einstaklingar af gagnstæðu kyni (e. *no-op*), flokkaðir sem transsexúal. Transsexúal einstaklingar hafa verið kallaðir kynskiptingar en segja má að orðið kynskiptingur sé villandi og fremur neikvætt, ekki síst vegna skyldleika við orðið kynvillingur. Í ályktun frá Trans-Ísland er t.d. mælt með því að orðin *trans* eða *transgender* séu notuð í stað orðsins kynskiptingur. Þorgerður Þorvaldsdóttir, sagn- og kynjafræðingur, og Arnar Hauksson, kvensjúkdómalæknir, eru meðal þeirra sem hafa notað orðið TS einstaklingar fyrir „transsexuals“ en réttindi þessa hóps eru viðfang þessarar skýrslu. Hugtakið transsexúalismi hefur verið þýtt á íslensku sem kynskiptahneigð.

Kynleiðréttingarmeðferð (e. *sex reassignment surgery, SRS* eða *gender reassignment treatment*): Bæði læknisfræðileg meðferð og önnur meðferð sem transgender einstaklingur kys að undirgangast. Felur meðal annars í sér hormónameðferð, aðgerðir á kynfærum/andliti/bringu eða brjóstum til að leiðrétta kyn. Sums staðar er fólki gert að fara í ófrjósemisaðgerðir til þess að fá að skipta um líkamlegt kyn; víða er kynleiðréttingarmeðferð forsenda þess að einstaklingur fái lagalega viðurkenningu á breyttu kyni.

SKAMMSTAFANIR

APA	American Psychiatric Association
DSM-IV	Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders
FTM	Female-to-Male transsexual (kona að karli)
MTF	Male-to-Female transsexual (karl að konu)
WPATH	World Professional Association for Transgender Health, Inc.
HBIGDA	Harry Benjamin Gender Dysphoria Association
SRS	Sex reassignment surgery, leiðrétting á kyni



INNGANGUR

Kynvitund fólks myndast strax á unga aldri og skynja börn því snemma hvoru kyninu þau tilheyra. Almennt er samsvörun á milli líffræðilegs kyns og kynvitundar, þ.e. einstaklingurinn upplifir sig af því líffræðilega kyni sem hann telst tilheyra. Í einstaka tilvikum líður fólki hins vegar eins og það hafi fæðst í líkama af röngu líffræðilegu kyni, þ.e. því finnst það vera af öðru kyni en líkama þess segir til um. Hér er um að ræða transgender, nánar tiltekið TS einstaklinga. Þeir upplifa sig af gagnstæðu kyni og undirgangast jafnvel flóknar skurðaðgerðir til að leiðrétta kyn sitt.

Enga heildstæða löggjöf er að finna á Íslandi um málefni TS fólks en víða í nágrannalöndum okkar er slíkri löggjöf til að dreifa. Réttarstaða TS einstaklinga á Íslandi er afar óskýr, einkum þeirra sem ekki hafa fengið eða lokið við, eða vilja ekki, fulla kynleiðréttingu. Í kjölfar álits umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007 hefur stjórnarsýsluframkvæmd verið breytt á þann veg að nú er TS einstaklingum heimilt að fá nafni sínu og kyni breytt í þjóðskrá eftir að þeir hafa lokið hormónameðferð í eitt ár.⁵ Réttarstaða TS einstaklinga í meðferð hefur því batnað til muna þótt ljóst sé að skýrrar löggjafar um réttindi þessa hóps er þörf. Brýnt er að setja reglur um málsmeðferð umsókna um kynleiðréttingu, skráningu í þjóðskrá, hjúskap, sifjamál og fleira.

Í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri grænna frá 2009 er sérstaklega tekið fram að huga þurfi að réttarbótum í málefnum TS fólks, í samræmi við ábendingar umboðsmanns Alþingis. Tilgangur þessarar skýrslu er einkum að kanna réttarstöðu TS einstaklinga á Íslandi með það að markmiði koma með tillögur að úrbótum í málaflokknum. Löggjöf í ná-

⁵ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli I.

10 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

grannalöndum okkar og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu er lögð til grundvallar ásamt upplýsingum frá samtökum TS fólks og öðrum sérfræðingum. Er það von Mannréttindaskrifstofunnar að skýrslan gagnist til að stuðla að því að friðhelgi einkalífs og mannvirðing alls TS fólks á Íslandi verði tryggð.

1

HVAÐ ER TRANSGENDER?

1.1 Transgender í stuttu máli

Þegar vanlíðan yfir því að kynvitund stangast á við líkamlegt kyn er djúpstæð og langvarandi er einstaklingurinn haldinn kynáttunarvanda (e. *gender identity disorder*). Þessir einstaklingar finna fyrir mikilli óánægju með líkama sinn og þau viðmið, gildi og venjur sem eiga við um kyn þeirra í samfélaginu. Algengt er að TS fólk, bæði karlar og konur, gangi í gegnum ákveðið ferli til að lifa til frambúðar sem það kyn sem samræmist kynvitund þess (e. *gender transition*). Hluti af ferlinu er oft hormónameðferð (e. *hormonal sex reassignment*) til að kalla fram kyneinkenni hins æskilega kyns en margir gangast einnig undir skurðaðgerðir til að breyta líkamnum á ýmsan hátt. Hormónameðferð og kynleiðréttingaraðgerðir eru framkvæmdar samkvæmt alþjóðlega viðurkenndum viðmiðunarreglum.⁶

Engum staðgóðum upplýsingum er til að dreifa um tíðni transsexúalisma. Samkvæmt félagi geðlækna í Bandaríkjunum (e. *American Psychiatric Association*) vilja um það bil einn af hverjum 30.000 körlum og ein af hverjum 100.000 konum fara í kynleiðréttingu.⁷ Í rannsókn frá árinu 2001 var hlutfallið mun hærra eða á bilinu 1:500–1:2500 MTF (karl að konu).⁸ Í Hollandi var gerð rannsókn árið 1996 þar sem kom fram að tíðni MTF (karl að konu) einstaklinga væri talin vera 1:11.900 en tíðni FTM (kona að karli) einstaklinga væri 1:30.400, eða að um 2,5 sinnum fleiri karlar en konur vildu láta leiðrétta kyn sitt.⁹

⁶ Viðmiðunarreglur (e. *Standards of Care*) sem samdar voru af Harry Benjamin International Gender Dysphoria Association (HBIGDA), nú World Professional Association for Transgender Health (WPATH).

⁷ American Psychiatric Association, *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders (DSM-IV)-TR*, ágúst 2000.

⁸ Lynn Conway: „How Frequently does Transsexualism Occur?“, New York, 2002.

⁹ Statens Offentliga Utredningar. SOU 2007:16. *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag*, bls. 87.

12 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Ekki er vitað hversu margir á Íslandi skilgreina sig sem transgender eða nota annars konar skilgreiningu um kynvitund sína, en alls hafa 23 einstaklingar fengið kyn sitt leiðrétt í þjóðskrá.

Það er algengur misskilningur að transsexúalismmi tengist kynhneigð, en svo er ekki. Transsexúalismmi varðar kynvitund einstaklingsins. TS einstaklingum er hins vegar oft ranglega skipað í flokk með fólki sem tilheyrir minnihlutahópum í kynferðismálum, þ.e. samkynhneigðum og tvíkynhneigðum. Vegna vanþekkingar á hugtakinu transsexúal eru TS einstaklingar oft álitnir samkynhneigðir vegna útlits síns þar sem karlmannlegar konur og kvenlegir karlar geta fallið að stöðluðum hugmyndum um samkynhneigða. Þetta er algengur misskilningur og orsakast af almennu þekkingarleysi á eðli transgender.

Til skýringar má setja þetta fram á eftirfarandi hátt: samkynhneigður karlmaður hefur karllæga kynvitund, þ.e. hann upplifir sjálfan sig sem karl og hefur enga þörf fyrir að leiðrétta kyn sitt. Hann laðast að öðrum körlum vegna þess að þeir eru karlmenn og aðrir samkynhneigðir karlar laðast að honum vegna þess að hann er karlmaður. TS karlmaður hefur kvenlæga kynvitund. Hann upplifir sig fyrst og fremst sem konu og hefur þá djúpstæðu tilfinningu að hann sé kona sem fæðst hafi í líkama af röngu kyni sem kemur kynhneigð lítið við. TS karl sem hefur kvenlæga kynvitund getur laðast að öðrum konum vegna þess að þær eru konur og þá út frá því að hann upplifir sig sem kvenmann. Hann mun því vera samkynhneigður þrátt fyrir að vera líffræðilega af gagnstæðu kyni. Eftir að viðkomandi hefur gengist undir kynleiðréttingu þá verður samkynhneigðin augljósari. Þá hefur viðkomandi karl leiðrétt kyn sitt og er nú kona en laðast eftir sem áður að öðrum konum. Karl sem hefur kvenlæga kynvitund, en hefur ekki leiðrétt kyn sitt, laðast að karlmönnum út frá þeirri forsendu að hann sé í raun kona sem fæðst hefur í líkama af röngu kyni, hann er því í raun ekki samkynhneigður á sama hátt og samkynhneigður maður með karllæga kynvitund.¹⁰

¹⁰ Lynn Conway: „Basic TG/TS/IS Information“, Ann Arbor, 2001. Sótt af: <http://ai.eecs.umich.edu/people/conway/TS/TS.html#anchor322586>.

1.2 TS í sögulegu ljósi

Þó að hugtakið transgender sé tiltölulega nýtt af nálinni þá er „transgenderismi“ ekki nýtt fyrirbæri; finna má vísanir í „transgenderisma“ í grískri og rómverskri goðafræði og í endurreisnarstefnunni. Þýski kynfræðingurinn Magnus Hirschfeld, mikill baráttumaður fyrir réttindum samkynhneigðra og frumkvöðull í kynleiðréttingu, var fyrstur til að nota orðið klæðskiptahneigð (e. *transvestism*) árið 1910 (sem hann myndaði úr latínu, *trans*: gegnum eða yfir, og *vestis*: klæðnaður) og árið 1918 setti hann saman orðið *transsexual*. Fyrsta kynleiðréttingarskurðaðgerðin var framkvæmd árið 1913 í Berlín. Aðgerðin fólst í því að breyta konu í karl en misheppnaðist og karl að konu-aðgerð sem skjólstæðingur Hirschfelds gekkst undir árið 1920 misheppnaðist einnig. Karl að konu-aðgerð á Lili Elbe árið 1930 fékk alþjóðlega athygli en Lili lést árið 1931, líklega vegna fylgikvilla í kjölfar aðgerðarinnar. Fyrsta farsæla kynleiðréttingin var karl að konu-aðgerð sem framkvæmd var árið 1931. Viðkomandi var fyrst gerður ófrjór, ytri karlkynfæri fjarlægð og svo voru leggöng sköpuð.¹¹

Annar kynfræðingur á tuttugustu öldinni, Harry Benjamin, átti mikinn þátt í að auka skilning á hugtakinu transsexúal og meðferð fyrir TS fólk. Benjamin meðhöndlaði meira en þúsund TS einstaklinga með einhverjum hætti. Ein þeirra var Christine Jorgensen sem gekkst undir kynleiðréttingu árið 1952 og varð fyrsti þekkti TS einstaklingurinn og talsmaður fyrir réttindum TS og transgender fólks.

Erfitt er að segja til um hversu margir TS einstaklingar eru í heiminum þar sem transsexúalismi er skilgreindur á afar ólíkan hátt eftir mismunandi löndum og menningu, líkt og eftirfarandi kaflar bera með sér. Árið 2005 áætlaði Kvenna- og jafnréttisráð (e. *Women and Equality Unit*) Bretlands að u.þ.b. 5000 TS einstaklingar væru í landinu. Samkvæmt upplýsingum frá læknastöð í Bretlandi, sem framkvæmir kynleiðréttingaraðgerðir (e. *Charing Cross Gender Identity Clinic*), berast um 500 tilvísanir til þeirra á hverju ári og hafa þeir um 2000 einstaklinga í meðferð á hverjum tíma. Samkvæmt skýrslu nefndar, sem sér um lagalega viður-

¹¹ Statens Offentliga Utredningar. SOU 2007:16. *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag*, bls. 49.

14 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

kenningu einstaklinga sem leiðrétta kyn sitt (e. *Gender Recognition Panel*), hefur hún fengið 2.350 umsóknir um breytingu lagalegs kyns síðan ný lög voru sett í Bretlandi árið 2004 (e. *Gender Recognition Act*).¹² Nánar verður fjallað um bresku lögin í kafla 3.1. Í Svíþjóð sækja 40 til 60 einstaklingar um leyfi til að gangast undir aðgerð til leiðréttingar á kyni á ári hverju og árið 2011 höfðu um 650 einstaklingar farið í slíka aðgerð síðan 1972 samkvæmt Ceciliu Dhejne. Árið 2009 voru 175 einstaklingar skráðir hjá stofnunum sem meta og meðhöndla transsexúalisma í Svíþjóð.¹³

1.3 „Þriðja kynið“

Samfélög fólks, sem fellur utan hinna hefðbundnu kynjahlutverka, hafa verið til frá alda öðli. Stundum hefur verið talað um „þriðja kynið“ þar sem einstaklingurinn telst hvorki karlkyns né kvenkyns, bæði karl- og kvenkyns og tilheyrir sérstökum samfélagshópi. Víða glíma þessir hópar við mikla fordóma og eru útskúfaðir og því hafa transgender samfélög reynt að aðlaga helgisíði, þjóðsögur og goðsagnir að lífi sínu til að öðlast viðurkenningu og fá sess í hinu hefðbundna þjóðfélagi. Þrátt fyrir réttarbætur á undanförunum árum þá býr TS fólk víðast hvar enn á jafri samfélagsins þar sem það glímur við mikla fordóma og mannréttindabrot.

Dæmi um hóp með óhefðbundið kyngervi er *machihembra*, eins og heimamenn í Dóminíska lýðveldinu kalla það. Um er að ræða eins konar gervi-tvíkynjun karla (e. *pseudo-hermaphroditism*) vegna arfgengs ensím-skorts sem veldur því að einstaklingar sem eru erfðafræðilega karlmenn þroskast sem konur til kynþroskaaldurs, þegar andrógenframleiðsla eykst skyndilega og einstaklingurinn breytist í karlmann. Fólk er með XY kynlitninga og fær ófullmótuð eistu en er með ytri kynfæri kvenna við fæðingu og er þar með alið upp sem stúlkur. Við kynþroska breytist svo líkaminn og fær einkenni karla og fólk er skiptir um kynhlutverk.¹⁴

¹² Heilbrigðisráðuneyti Bretlands: *Trans: A practical Guide for the NHS*. London 2008, bls. 17.

¹³ Statens Offentliga Utredningar. SOU 2007:16. *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag*, bls. 262. Sjá einnig Socialstyrelsen: *Transsexuella och övriga personer med könsidentitetsstörningar*, bls. 22.

¹⁴ Glenn Wilson: *The Great Sex Divide*, bls. 76–78. Sótt af: www.heretical.com/wilson/hermoneyn.html.

Í Papúu Nýju-Gíneu er „þriðja kynið“ þekkt sem *kwolu-aatmwol* eða „kvenkyns hlutur að breytast í karlkyns hlut“. Læknisfræðilega eru slíkir einstaklingar eins og *machihembra* fólkið í Dóminíska lýðveldinu. Flestir *kwolu-aatmwol* einstaklingar eru viðurkenndir sem slíkir og eru að hluta aldir upp sem karlkyns. Þeir halda eftir sumum kvenlegum einkennum sem hluta af sérstæðri ímynd sinni sem kemur þó ekki í veg fyrir að þeir geti til dæmis orðið virtir seiðmenn eða stríðsleiðtogar.¹⁵

Frumbyggjasamfélög Norður-Ameríku viðurkenna mörg þriðja kynið; „tveir andar“, eða *berdache*, hafa sérstaka stöðu í samfélaginu. *Berdache* er karl sem gegnir kvenhlutverki fyllilega í samræmi við siðvenjur samfélagsins. Drengir verða *berdache* aðeins ef þeir eru blessaður af tunglinu á meðan á föstu/vökunni stendur (e. *vision quest*, þegar andi þeirra birtist þeim í draumi) og andi þeirra „skipar þeim í pilsíð“. Þessir drengir teljast til þriðja kynsins og eru því ekki skilgreindir sem samkynhneigðir, tvíkynhneigðir eða klæðskiptingar.¹⁶

Í Suður-Asíu er *hijra* fólkið vanalega talið „þriðja kyns“ – hvorki kona né karl. Flestir *hijra* eru líffræðilega karlkyns eða millikyns, en aðrir eru konur. *Hijra* tala oftast um sjálfa sig sem kvenkyns og klæðast kvenfötum. Sumir, sérstaklega þeir sem tala ensku og hafa orðið fyrir áhrifum af alþjóðlegri umræðu um minnihlutahópa í kynferðismálum, skilgreina sig stundum sem transgender eða TS konur. Ólíkt TS konum í vestrænum samfélögum reyna *hijra* almennt ekki að láta aðra halda að þær séu konur og hegða sér jafnvel á hátt sem talinn er óviðeigandi fyrir venjulegar konur. Á Suður-Indlandi er gyðjan Yellamma talin geta breytt kyni fólks.¹⁷ *Hijra* eru víðast hvar útskúfaðar en þar sem sumir Indverjar telja þær búa yfir yfirnáttúrulegum gáfum þá hafa þær ákveðnu hlutverki að gegna í tilteknum helgisiðum.

Í hinum vestræna heimi eru almennt miklir fordómar gagnvart TS fólki þótt mannréttindabarátta undanfarinna ára hafi skilað talsverðum árangri. Rannsóknir sýna að transfólk verður fyrir mikilli mismunun og á erfitt uppdráttar, m.a. verður það víða fyrir áreiti á götum úti, bar-

¹⁵ Zachary I. Nataf. „Whatever I feel“. Sótt af: www.newint.org/issue300/trans.html.

¹⁶ Nancy Oestreich Lurie: „Winnebago Berdache“, *American Anthropologist* 55 nr. 1, American Anthropological Association, Arlington, 1953, bls. 708.

¹⁷ Peoples Union for Civil Liberties: *Human Rights Violations against the Transgender Community; A Study of Kothi and Hijra Sex Workers in Bangalore, India*, PUCL-Karnataka, Karnataka 2005, bls. 11.

16 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

smíðum og/eða kynferðisofbeldi.¹⁸ Til dæmis sýndi bresk rannsókn frá 2007 að mismunun á vinnustöðum á Englandi er mikil, sérstaklega á meðan fólk undirgengst kynleiðréttingu. Mörgum viðmælenda hafði verið afneitað af fjölskyldum sínum; 45% lýstu miklum erfiðleikum sem upp höfðu komið vegna kynvitundar viðkomandi, 37% var ekki lengur boðið í fjölskylduboð og sumir fjölskyldumeðlimir lokuðu jafnvel á öll samskipti.¹⁹ Framangreind dæmi eru aðeins brot af því mótlæti sem transfólk verður fyrir á degi hverjum. Sums staðar er transgender fólki bannað með lögum að tjá kynvitund sína; í Kúveit, til dæmis, er bannað með lögum að „líkja eftir gagnstæðu kyni“ og transkonur hafa verið pyntaðar og beittar kynferðisofbeldi af lögreglu.²⁰ Dæmi eru um að TS einstaklingar hafi verið myrtir; árið 2003 myrti hópur ungra manna TS stúlku á unglingsaldri í Bandaríkjunum eftir að þeir uppgötvuðu að hún var með getnaðarlim. Þetta ógeðfella morð er alls ekki einstakt og er einungis eitt af mörgum dæmum um hatursglæpi sem beinast gegn TS fólki. TS konur verða oftast fyrir slíkum árásum en TS karlar og kemur það einna greinilegast fram í fangelsum þar sem þær eru gjarnan hýstar með körlum. Þar verða þær tíðum fyrir kynferðislegri misnotkun, bæði af hendi annarra fanga og jafnvel fangavarda.²¹

1.4 Læknisfræðilegar orsakir og greining TS

Í læknasamfélaginu er töluverð umræða um það hvað veldur TS. Enn eru skoðanir skiptar um það hvort uppruni „sjúkdómsins“ sé sálfræðilegur eða lífeðlisfræðilegur, þrátt fyrir að sálræn meðferð, geðlyf, óbeitarmedferð (e. *aversion therapy*) eða aðrar geðlækningar hafi aldrei nokkurn tímann „læknað“ TS einstakling.²² Sumir leggja áherslu á að læknar, sálfræðingar

¹⁸ S. Whittle, L. Turner og M. Al-Alami: „Engendered Penalties: Transgender and Transsexual People’s Experiences of Inequality and Discrimination“, West Yorkshire, 2007, bls. 7.

¹⁹ S. Whittle, L. Turner og M. Al-Alami: „Engendered Penalties“, bls. 34.

²⁰ Human Rights Watch: „They Hunt Us Down for Fun“; *Discrimination and Police Violence Against Transgender Women in Kuwait*, New York, 2012, bls. 1.

²¹ P. Currah, R. M. Juang og S. P. Minter: *Transgender Rights*, Minneapolis, 2006, bls. 6.

²² The Looking Glass Society: *Transsexualism: A Primer*. Sótt af: www.looking-glass.green-end.org.uk/primer.htm.

og aðrir sérfræðingar heilbrigðissviðsins eigi ekki að leita orsaka TS því að sú leit réttlæti hið staðlaða tveggja kynja kerfi. Þeir sem aðhyllast þá skoðun að TS eigi sér lífeðlisfræðilegar orsakir telja sumir að TS sé orsakað af svæði í heilanum (e. *sexually dimorphic nucleus*) og aðrir halda því fram að hormónaójafnvægi á meðgöngu valdi sjúkdómnum, t.d. vegna lyfja eða annarra efna. Aðrar kenningar byggja á því að um litningagalla geti verið að ræða, þar sem viðkomandi hafi aðra litningasamsetningu en hinar hefðbundnu XX (kona) eða XY (karl) samsetningar. Auk þess sé ýmislegt annað sem getur farið úrskeiðis á meðgöngu sem ómögulegt getur verið að útskýra; hormón geta komist í gegnum fylgjuna og haft áhrif á þroska fóstursins.²³ Eitt er víst, að orsakir TS eru ekki að fullu kunnar og eru enn afar umdeildar, þótt á undanförunum árum hallist læknasamfélagið að því að um lífeðlisfræðilegt frekar en sálfræðilegt frávik sé að ræða.

Í flokkunarhandbók Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar (*International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems*) (ICD-10)²⁴ er TS undirflokkur nr. F64.0 af kynáttunarfanda (e. *gender identity disorders*) sem birtist í:

Löngun til að lifa sem viðtekinn meðlimur hins kynsins. Vanalega fylgir vanlíðan yfir líffræðilegu kyni eða sú tilfinning að það sé óviðeigandi, og löngun til að gangast undir skurðaðgerð og hormónameðferð til að láta líkama sinn samsvara því kyni sem óskað er eftir, eins vel og mögulegt er.²⁵

Kynáttunarfanda barna er lýst svo:

Sjúkdómur sem vanalega birtist fyrst snemma í bernsku (og alltaf töluvert á undan kynþroska), einkennist af þrálátri og alvarlegri óánægju með eigið kyn og löngun til að vera af hinu kyninu, eða viðkomandi heldur því fram að hún/hann sé af hinu kyninu. Barnið er þrálátlega upptekið af klæðnaði og hegðun hins kynsins og afneitun eigin kyns. Sjúkdómsgreining miðast við djúpstæða röskun á eðlilegri kynvitund; ekki er nóg að stúlkur hegði sér strákalega eða að strákar hegði sér eins og stelpur.²⁶

²³ The Looking Glass Society. *Transsexualism: A Primer*.

²⁴ Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin: *International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems*, bls. 168. Sótt af: www.who.int/classifications/apps/icd/icd10online.

²⁵ Sama heimild.

²⁶ Sama heimild.

18 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

TS getur verið fyrsta stigs (e. *primary transsexualism*) og annars stigs (e. *secondary transsexualism*). Fyrsta stigs TS kemur fram hjá ungu fólki sem strax á barnsaldri líður illa vegna þess að kynvitund þess stangast á við líkamlegt kyn. Fólkið hefur aldrei getað samsamað sig sínu eigin kyni og hefur frá unga aldri talið sig tilheyra hinu kyninu. Annars stigs TS kemur fram hjá miðaldra fólki sem hefur ekki áður haft sterka transgender tilhneigingu. Það hefur lifað venjulegu lífi í sínu líffræðilega kyni, jafnvel gengið í hjónaband með aðila af gagnstæðu kyni og eignast börn.²⁷

Algengasta greiningakerfið sem notað er til að greina geðsjúkdóma, DSM-IV-TR, segir um TS að einstaklingum með þessa *geðröskun* líði illa með kyn sitt og sýni langvarandi samsömun með hinu kyninu. DSM-IV-TR²⁸ gefur upp eftirfarandi greiningarviðmið fyrir kynvitundarraskanir: Sterk og langvarandi samsömun við hitt kynið (ekki bara löngun til að vera af hinu kyninu vegna ávinnings af menningarlegum toga). Hjá börnum birtist röskunin í fjórum (eða fleiri) af eftirtöldum einkennum:

- Stöðugar yfirlýsingar um að viðkomandi vilji vera, eða að hann/hún sé í raun, af hinu kyninu.
- Hjá strákum, vilji til að klæðast fötum hins kynsins eða líkja eftir kvenklæðnaði; hjá stelpum, ítrekaðar kröfur um að klæðast aðeins fatnaði sem er dæmigerður fyrir karlmenn.
- Sterk og langvarandi löngun til að leika aðila af hinu kyninu í þykjustuleikjum eða þrálátir draumar um að vera af hinu kyninu.
- Sterk löngun til að taka þátt í leikjum og dægradvöl sem er dæmigerð fyrir hitt kynið.
- Sterk löngun til að eiga vini af hinu kyninu. Hjá unglingum og fullorðnum birtist röskunin í einkennum eins og yfirlýstri löngun til að vera af hinu kyninu, að þykjast vera af hinu kyninu, löngun til að lifa sem meðlimur hins kynsins eða vera meðhöndlaður sem slíkur, eða sannfæring um að viðkomandi hafi tilfinningar og viðbrögð sem dæmigerð eru fyrir hitt kynið.²⁹

²⁷ The Looking Glass Society: *Transsexualism: A Primer*.

²⁸ Bandaríska sálfræðingafélagið: *Diagnostic and statistical manual of mental disorders*. Sótt af: www.behavenet.com/capsules/disorders/genderiddis.htm.

²⁹ Sama heimild.

HVAÐ ER TRANSGENDER? 19

Samkvæmt DSM-IV-TR er meðferð við röskuninni kynleiðrétting; skurðaðgerð framkvæmd til að leiðrétta kyn viðkomandi. Þá er karli breytt í konu eða konu breytt í karl. Slík kynleiðrétting er talin mjög árangursrík meðferð við framangreindri röskun. Ein rannsókn bendir til þess að 87% TS kvenna og 97% TS karla séu ánægð með útkomu aðgerðarinnar. Margt spilar þó inn í, til að mynda andlegur styrkur viðkomandi og félagslegur og faglegur stuðningur á meðan á ferlinu stendur og eftir að því er lokið.³⁰

³⁰ Gender Identity Research and Education Society (GIRES): „King’s Fund, BCC Trans Group, Atypical Gender Development – A Review“, bls. 2.

2

MEÐFERÐ FYRIR TS EINSTAKLINGA

Vegna þess hversu sjaldgæfur kynáttunarvandi er þá hafa fáir geðlæknar ítarlega þekkingu á þessu sviði. TS einstaklingur sem vill kynleiðréttingu verður að undirgangast geðmat og sálfræðirannsókn. Á meðan á geðmatinu stendur hittir geðlæknirinn umsækjanda nokkrum sinnum til að fullvissa sig um að skilyrðum fyrir aðgerð sé fullnægt. Athugunin felst í greiningu, þ.e. hvort um raunveruleg einkenni TS sé að ræða, mati á sálfræðilegu og félagslegu jafnvægi og forsendum fyrir líkamlegri og sálfræðilegri ímynd í nýja kyninu og athugað er hversu vel viðkomandi gerir sér grein fyrir því hvað umbreytingin felur í sér. Matið er yfirleitt framkvæmt með hliðsjón af viðmiðunarreglunum³¹ sem fjallað er um í kaflanum hér að neðan.

2.1 Reynslutímabilið

Viðmiðunarreglurnar gera ráð fyrir að TS fólk gangi í gegnum sk. reynslutímabil (e. *real-life test*, *RLT*) áður en farið er í hormónaæðferð og skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni. Markmið reynslutímabilsins er að einstaklingurinn upplifi daglegt líf í gagnstæðu kyni um ákveðinn tíma, en er ekki hugsað sem athugun á hvort viðkomandi sé í raun með kynáttunarvanda. Viðmiðunarreglurnar kveða á um eins árs reynslutímabil fyrir aðgerðir á kynfærum (þó ekki fyrir hormónaæðferð, brjósta-/brjóst-kassaaðgerðir, aðgerðir á andliti o.fl.) til þess að veða hættuna á að viðkomandi fari of snemma í aðgerð á móti hættunni á að fresta nauðsynlegum aðgerðum of lengi. Á reynslutímabilinu lifir viðkomandi sem hitt kynið. Í því felst að viðkomandi notar nafn í samræmi við gagnstætt

³¹ The Harry Benjamin International Gender Dysphoria Association. *Standards of Care*, 6. útgáfa. Sótt af: www.wpath.org/Documents2/socv6.pdf.

kyn, kemur þannig fram útlitslega, t.d. hvað varðar fatnað, hárgreiðslu o.fl., vinnur eða gengur í skóla og gefur fjölskyldu, vinum og vinnufélögum tækifæri til að kynnast sér í nýju kyni.

Á Íslandi er atferlismeðferð hluti af heildarmeðferð TS einstaklinga. Skal hún fara fram samhliða hormónameðferð, í um hálf til eitt ár, og skal einstaklingurinn þá lifa í hinu æskilega kynhlutverki. Þetta er reynslutímabilið sem er nauðsynlegur undanfari skurðaðgerðar til leiðréttingar á kyni.

2.2 Hormónameðferð

Eitt helsta markmið skurðaðgerðar til leiðréttingar á kyni er að viðkomandi komist eins nálægt því að hafa eiginleika hins kynsins og hægt er. Fyrir utan kynlitninga og kynkirtla eiga sérstakir kyneiginleikar rætur að rekja til kynhormóna. Í hormónameðferð TS fólks koma hormón hins kynsins í staðinn fyrir líffræðileg hormón viðkomandi.

Fyrir FTM (kona að karli) einstaklinga hafa hormónin andrógen (testósterón) bæði afturkallanleg og óafturkallanleg áhrif. Afturkallanleg áhrif eru aukin kynhvöt, breytt fitudreifing á líkama, stöðvun eggloss og blæðinga, aukin vöðvamyndun (sér í lagi á efri hluta líkama), aukin svitaframleiðsla og breytt líkamslykt, áberandi æðar og grófari húð, bólur (sérstaklega fyrstu árin í meðferð), breytingar á fituefni (kólesteróli og þríglýseríði) í blóði og aukið magn rauðra blóðkorna. Óafturkallanlegar breytingar eru dýpri rödd, hárvöxtur á líkama og andliti, skalli (há sumum einstaklingum), stækkun á sníp, vaxtarkippir og lokun vaxtarlína í löngum beinum ef hormón eru fengin fyrir lok kynþroskaskeiðs og minni og/eða linari brjóst vegna breytinga í fituvefjum.

Fyrir MTF (karl að konu) einstaklinga getur estrógen haft bæði afturkallanlegar og óafturkallanlegar breytingar. Afturkallanlegar breytingar eru minni kynhvöt, breytt fitudreifing á líkama, minni vöðvamyndun, húðbreytingar og töluvert minni hármýndun, breytt líkamslykt, minna áberandi æðar og breytingar á sjón og kynfærastærð. Óafturkallanlegar breytingar eru brjóstamyndun, stækkun geirvartna og svæðisins þar í kring, og húðslit (há sumum).

22 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

2.3 Aðgerð til leiðréttingar á kyni (SRS)

Til að breyta líkamsbyggingu MTF (karl að konu) einstaklinga þarf að fjarlægja getnaðarlim, endurlaga kynfæravefi og búa til kvenkyns kynfæri. Kynfæri eru gerð úr húð af lim viðkomandi, með húðígræðslu eða með því að nota einangraðan hluta úr ristli. Kvenhormón (estrógen) breyta útlínum viðkomandi og stækka brjóstin. MTF (karl að konu) einstaklingar halda blöðruhálskirtli.

FTM (kona að karli) aðgerðir eru flóknari sökum þess hve erfitt er að búa til getnaðarlim úr snípnum eða með húðígræðslu. Limur er sjaldnast búinn til fyrr en ári eftir fyrstu aðgerðirnar þar sem fjarlægð eru kvenkyns líffæri, þ.e. legið er fjarlægt sem og eggjastokkar og brjóst.

Flestir sem undirgangast skurðaðgerðir til leiðréttingar á kyni geta fengið fullnægingu eða að minnsta kosti nokkra marktæka kynörvun. Einhver áhætta fylgir þó öllum aðgerðum og á það einnig við um SRS. Má þar nefna sýkingu, sársauka eftir aðgerð og óánægju með útkomuna. Algengasta vandamálið hjá MTF (karl að konu) einstaklingum eru þrengsli nýju legganganna. Þetta má laga með útvíkkun eða með því að nota hluta af ristli til að mynda leggöngin. Risvandamál eru nokkuð algeng hjá FTM (kona að karli) einstaklingum en ígræðsla gervilims er tæknilega erfið aðgerð.

2.4 Aðrar aðgerðir er tengjast kynleiðréttingu

Flestir MTF (karl að konu) einstaklingar láta fjarlægja hár í andliti, annaðhvort með geislun eða rafmagnsháreyðingu (e. *electrolysis*). Sumir MTF (karl að konu) einstaklingar vilja láta gera andlitið kvenlegra til að eyða eða draga úr líkum á hinum ýmsu lýtum sem testósterón á annars stigs kynþroska (e. *late pubertal testosterone*) geta valdið. Ýmsar aðgerðir eru í boði, t.d. breytingar á lögum ennis, aðgerð til að minnka eða eyða brúnar-boga (e. *brow ridge*), breytingar á lögum nefsins, þrenging og minnkun kjálka og höku (hakan er oft færð til) og breytingar á lögum barkans til að losna við barkakýlið.³² Aðrar aðgerðir sem fólk fer í eru t.d. andlitslyftingar og aðgerð á augnlökum.

³² Lynn Conway: *Lynn's Facial Feminization Surgery (FFS)*. Sótt af: <http://ai.eecs.umich.edu/~mirror/FFS/LynnsFFS.html#anchor72451>.

MEÐFERÐ FYRIR TS EINSTAKLINGA 23

Velja má um margar ólíkar aðgerðir og því er heildarkostnaður mismunandi. Sums staðar teljast þessar aðgerðir ekki til heilsugæslu og því þarf viðkomandi sjálfur að bera kostnaðinn. Jafnvel þar sem aðgerðin fellur undir heilsugæslu þá er TS einstaklingum stundum neitað um þjónustu í heimalandinu og þurfa þeir því oft að greiða fyrir aðgerðina sjálfir.

3

LAGAUMHVERFI

Löggjöf um réttindi TS fólks í Evrópu er mjög ólík eftir löndum og réttur þessa hóps misvel tryggður. Í Bretlandi hefur til að mynda verið samþykkt mjög víðtæk löggjöf, í kjölfar úrskurðar mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi* frá 11. júlí 2002, en dómurinn verður reifaður hér að neðan. Í öðrum Evrópuríkjum er engu sérlöggjöf að finna, eins og t.d. í Danmörku, á Íslandi og í Noregi. Að auki er mismunandi hvaða skilyrði eru fyrir því að fólk fái viðurkenningu á leiðréttu kyni opinberlega og hvort nauðsynlegt sé að gangast undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni til að fá slíka viðurkenningu. Þá er einnig mismunandi eftir menningu ríkja hvort mismunun gagnvart TS fólki er talin falla undir mismunun vegna kynferðis eða kynhneigðar. Verður í eftirfarandi kafla fjallað um löggjöf nokkurra ríkja í Evrópu með það að markmiði að kanna hvernig henni er hátað og athuga hvort hægt sé að nýta þær leiðir, sem önnur ríki Evrópu hafa farið, við samningu á sérstakri löggjöf fyrir réttindi TS fólks á Íslandi.

3.1 Löggjöf í ýmsum Evrópulöndum

3.1.1 *Holland*

Í Hollandi er fjallað um kynleiðréttingu í borgaralögunum (h. *burgerlijk wetboek, Boek 1*) frá árinu 1985. Samkvæmt lögunum geta hollenskir ríkisborgarar og einstaklingar sem búsettir hafa verið í Hollandi í eitt ár og hafa gilt búsetuleyfi sótt um lagalega leiðréttingu kyns í fæðingavottorði fyrir svæðisbundnum undirrétti.³³

³³ Statens Offentliga Utredningar. SOU 2007:16. *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag*, bls. 87.

Í 28. gr. (a) segir að einstaklingur sem sé sannfærður um að hann tilheyri gagnstæðu kyni en því er fram kemur á fæðingarvottorði hans og hafi aðlagast því kyni að því marki sem hægt er og réttlætjanlegt er, jafnt læknisfræðilega og sálfræðilega, hafi rétt til að leiðrétta löglegt kyn sitt á fæðingarvottorði. Leiðréttingin er háð því skilyrði að viðkomandi sé ófrjór. Ekki er gert að skilyrði að viðkomandi sé ógiftur þar sem hjónabönd samkynhneigðra hafa verið leyfð frá árinu 2001.

Í 28. gr. (b) segir að beiðni um lagalega leiðréttingu á kyni skuli virt ef dómstólar telja nægjanlega sýnt fram á að umsækjandi sé sannfærður um að hann tilheyri gagnstæðu kyni en því sem fram kemur á fæðingarvottorði hans, að slík sannfæring teljist varanleg og að umsækjandinn fullnægi þeim skilyrðum sem fram koma í 1. mgr. 28. gr. (a). Í 2. mgr. 28. gr. (b) segir að ef dómstóllinn samþykkir umsókn um leiðréttingu á lagalegu kyni þá geti dómstóllinn á sama tíma breytt eigin nafni umsækjanda ef þess er krafist.

Samkvæmt lögnum er skilyrði fyrir því að lagaleg leiðrétting á kyni sé samþykkt að umsækjandi hafi gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni. Mögulegt er að breyta eigin nafni fyrir slíka aðgerð. Aðgerð til leiðréttingar á kyni er ekki grundvöllur fyrir breytingu á eftirnafni. Ekki er kveðið á um sérstakt aldursskilyrði í lögnum en tekið er fram að breytingin hefur ekki áhrif á fjölskyldustöðu viðkomandi, hvað varðar börn og foreldra hans. Í lögnum er ekki fjallað um möguleika til að áfrýja synjun um leiðréttingu á lagalegu kyni á fæðingarvottorði, til æðra stjórnvalds eða dómstóls.³⁴

3.1.2 Ítalía

Ítölsku lögnum er varða leiðréttingu á kyni eru frá árinu 1982.³⁵ Einstaklingur, eldri en 18 ára, getur sótt um að breyta fæðingarvottorði sínu vegna leiðréttingar á kyni. Þeir sem eru yngri hafa aðgang að sálfræðimeðferð en ekki að hormónameðferð. Ekki er gerð krafa um reynslutímabil, né heldur um að kynleiðréttingin sé orðin að fullu, til að fá breytingu á

³⁴ Óopinber ensk þýðing fengin af: www.wetboek-online.nl/wet/BW1.html.

³⁵ „Norme in materie di rettificazione di attribuzione di sesso“, lög nr. 164 frá 14. apríl 1982.

26 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

fæðingarvottorði. Til að njóta þeirra lagalegu réttinda sem gagnstætt kyn nýtur verður viðkomandi að gangast undir aðgerð til kynleiðréttingar. Að auki er þess krafist að upprunalegir kynkirtlar séu fjarlægðir og að viðkomandi hafi gengist undir lýtaaðgerð til að líkja eftir kynbundnum eiginleikum gagnstæðs kyns (þ.e. látið útbúa getnaðarlim eða leggöng).

Svæðisbundnir dómstólar ákveða hvort veita skuli leyfi til að viðkomandi breyti um kyn og er byggt á læknis- og sálfræðigögnum við þá ákvarðanatöku. Eigi viðkomandi börn eða maka eru þau látin vita af umsókninni og fulltrúi hins opinbera tekur þátt í ferlinu. Að öðru leyti er ekki fjallað um réttarstöðu viðkomandi gagnvart börnum sínum eða foreldrum eftir að gengist er undir kynleiðréttingu. Leiðrétting á kyni hefur í för með sér breytingu á eigin nafni og hugsanlega ógildingu á hjúskap þar sem einungis nokkur héruð á Ítalíu heimila fólki af sama kyni að vera í skráðri sambúð. Í lögunum er ekki fjallað um áfrýjunarmöguleika til æðra stjórnvalds eða dómstóls og ekki er minnst á það hvort leiðrétting á skráðu kyni á fæðingarvottorði teljist afturvirk.³⁶

3.1.3 Bretland

Markmið bresku laganna (e. *Gender Recognition Act*) er að veita TS einstaklingum full lagaleg réttindi í hinu nýja líffræðilega kyni. Lögin eru frá árinu 2004 og voru sett í kjölfar dóms mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi* frá 11. júlí 2002. Í málinu komst mannréttindadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að það bryti gegn friðhelgi einkalífsins samkvæmt 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 og rétti til að ganga í hjónaband samkvæmt 12. gr. sáttmálans, að neita Christine, sem skipt hafði um kyn, um að breyta skráningu í fæðingarvottorði en þetta var forsenda þess að hún gæti gengið í hjónaband.³⁷

Lögin setja það skilyrði fyrir viðurkenningu á nýju kyni að viðkomandi sé orðinn 18 ára og að hann annaðhvort lifi sem hið æskilega kyn eða hann hafi breytt um kyn í öðru landi í samræmi við þau lög sem þar gilda. Sérstök nefnd (e. *Gender Recognition Panel*) samþykkir umsóknina að eftir-

³⁶ „Norme in materie di rettificazione di attribuzione di sesso“, lög nr. 164 frá 14. apríl 1982

³⁷ MDE: *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi* frá 11. júlí 2002 (nr. 28957/95).

töldum skilyrðum uppfylltum: að einstaklingurinn hafi kynvitund sem stangast á við líffræðilegt kyn (e. *gender dysphoria*); að hann hafi lifað í gagnstæðu kyni í tvö ár áður en umsókn er lögð fram; að hann hyggist lifa í hinu nýja kyni til frambúðar; og að tiltekin gögn séu lögð fram í samræmi við 3. gr. laganna; ekki er gerð krafa um ófrjósemisaðgerð. Umsækjandi þarf sjálfur að greiða fyrir umsókn. Sé umsóknin tekin til greina fær viðkomandi vottorð sem staðfestir hið nýja kyn (e. *Gender Recognition Certificate*). Ef viðkomandi er einhleypur fær hann fulla viðurkenningu en ef hann er giftur fær hann vottorð til bráðabirgða. Hið síðarnefnda gildir í sex mánuði og er hvoru hjóna um sig heimilt að nota það sem sönnunargagn kjósi það að sækja um skilnað á grundvelli þess að annað hjóna hafi leiðrétt kyn sitt. Í breskum hjúskaparrétti er hjúskapur eingöngu gildur á milli fólks af gagnstæðu kyni. Einstaklingur sem gengist hefur undir aðgerð til leiðréttingar á kyni en hefur ekki fengið viðurkenningarskjal, er enn af fyrri kyni gagnvart lögunum og má því einungis vera í hjúskap með einstaklingi af gagnstæðu kyni. Slíkt hjónaband verður því að ógilda til að viðkomandi fái fullt viðurkenningarskjal. Þegar umsækjandi hefur fengið slíka viðurkenningu öðlast hann öll réttindi hins nýja kyns og getur gengið í hjónaband með einstaklingi af sama kyni og hann var sjálfur fyrir kynleiðréttinguna. Leiðrétting á kyni hefur þó ekki áhrif á stöðu viðkomandi sem foreldris, þ.e. karlmaður sem gengst undir leiðréttingu á kyni og verður framvegis kona, telst áfram vera faðir barns en ekki móðir þess. Viðurkenning er ekki afturvirk, opinber og lagaleg skjöl fyrir viðurkenninguna standa óbreytt. Synjun um vottorð má áfrýja til dómstóla.

3.1.4 Þýskaland

Þýsku lögin um kynleiðréttingu (þ. *Transsexuellengesetz*) eru frá 1980.³⁸ Í 1. gr. er að finna skilyrði sem umsækjendur þurfa að uppfylla til að fá breytingu á eigin nafni í samræmi við það kyn sem umsækjandi vill vera

³⁸ „Gesetz über die Änderung der Vornamen und die Feststellung der Geschlechtszugehörigkeit in besonderen Fällen“ (Transsexuellengesetz, TSG) frá 10. september 1980. Óopinber ensk þýðing fengin af: www.transsexualia.org/documentacion/Germany.pdf.

28 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

af. Heimild til nafnbreytingar er háð því að umsækjandi hafi lifað í gagnstæðu kyni í þrjú ár hið minnsta og að hann sé Þjóðverji skv. Þýsku stjórnarskránni, ríkisfangslaus útlendingur, einstaklingur sem hefur rétt á hæli eða útlendur flóttamaður og að lögheimili hans sé á Þýsku landsvæði. Enn fremur þarf að teljast mjög líklegt að umsækjandinn muni vilja lifa í gagnstæðu kyni til frambúðar og að hann sé að minnsta kosti 25 ára. Í umsókn þarf að gefa upp hvaða eiginnöfn viðkomandi vill bera í framtíðinni. Er það í höndum dómstóla þess svæðis þar sem umsækjandi hefur skráð aðsetur að úrskurða um nafnbreytingu.³⁹

Í 1. mgr. 8. gr. laganna eru sett fram skilyrði þess að dómstóll úrskurði að kyn umsækjanda skuli leiðrétt lagalega og skráningu kyns skuli breytt á fæðingarvottorði. Til að breyta skráningu þarf umsækjandi að hafa „mikla löngun til að lifa sem einstaklingur af gagnstæðu kyni“ og muni gera það í að minnsta kosti þrjú ár. Hann verður að uppfylla skilyrði 1. gr. laganna um að vera ógiftur og varanlega ófrjór (æðsti dómstóll landsins hefur úrskurðað að þessi skilyrði gangi gegn stjórnarskrá ríkisins, lögnum hefur þó enn ekki verið breytt) og að hafa gengist undir aðgerð á kynfærum svo að líkaminn líkist á augljósan hátt gagnstæðu kyni.⁴⁰

Úrskurður um að umsækjandi skuli framvegis teljast af gagnstæðu kyni hefur þau réttaráhrif að viðkomandi telst að lögum tilheyra því kyni og hlýtur öll þau réttindi og ber þær skyldur sem kveðið er á um í lögum og varða það kyn sérstaklega. Lagaleg leiðrétting á kyni hefur ekki áhrif á lagalega stöðu gagnvart foreldrum og börnum, né börnum viðkomandi sem ættleidd eru áður en aðgerð til leiðréttingar á kyni á sér stað. Í lögnum er einnig fjallað um rétt umsækjanda til að kæra úrskurð dómstólsins. Í lögnum er ekki fjallað um það hvort nafnbreyting eða leiðrétting á lagalegu kyni í fæðingarvottorði sé afturvirk.⁴¹

3.1.5 Austurríki

Í lögum nr. 9/1993 (þ. *Gesetze, Verordnungen, Erlässe – Transsexuelle; Personenstandsrechtliche Stellung*) er fjallað um rétt TS einstaklinga til að

³⁹ Sama heimild.

⁴⁰ Sama heimild.

⁴¹ Sama heimild.

leiðréttu eiginnafn sitt og lagalegt kyn í fæðingarvottorði. Til þess að umsækjandi fái að leiðréttu eiginnafn sitt og kyn í fæðingarvottorði verður umsögn frá viðurkenndum sérfræðingi á sviði transsexúal mála að styðja umsóknina. Ef vottorð sérfræðingsins er fullnægjandi að mati þess dómstóls sem úrskurðar í málinu, þá útbýr læknadeild Háskólans í Vín vottorð fyrir umsækjandann. Í vottorðinu þarf að koma fram að viðkomandi hafi um langt skeið verið sannfærður um að hann tilheyri gagnstæðu kyni en því sem skráð er á fæðingarvottorð hans, að hann hafi gengist undir meðferð til leiðréttingar á kyni og að meðferðin hafi leitt til skýrra breytinga sem einkenna gagnstætt kyn. Auk þess þurfa verulegar líkur að vera á því að viðkomandi muni ekki vilja tilheyra aftur sínu líffræðilega kyni.

Ef umsækjandi uppfyllir skilyrðin og er auk þess einhleypur og ófrjór (æðsti dómstóll landsins hefur úrskurðað að skilyrði um ófrjósemi og hjúskaparstöðu gangi gegn stjórnarskrá ríkisins, engin lagabreyting hefur þó verið gerð) þá leiðréttir dómsmálaráðuneyti Austurríkis skráð kyn á fæðingarvottorði. Ef umsækjandi er giftur og frjór þegar skráning á að eiga sér stað þá frestast hún þar til lögskilnaður hefur gengið í gegn og umsækjandi er sannanlega ófrjór.⁴² Lögin fjalla ekki um það hvort nafnbreyting og lagaleg leiðrétting á kyni í fæðingarvottorði hafi áhrif á fjölskyldustöðu viðkomandi. Í lögnum er ekki tekið fram hvort hægt sé að áfrýja úrskurði dómstóls til æðra stjórnvalds eða dómstóls. Ekki er heldur fjallað um það hvort nafnbreyting eða breyting á lagalegu kyni í fæðingarvottorði hafi afturvirk áhrif.

3.1.6 Finnland

Í Finnlandi er fjallað um rétt einstaklings til að leiðréttu lagalegt kyn sitt í lögum nr. 563/2002 (e. *The Gender Confirmation of Transsexual Individuals Act*). Í 1. gr. laganna er mælt fyrir um að einstaklingur skuli talinn tilheyra gagnstæðu kyni en því sem skráð er í þjóðskrá ef hann leggur fram yfirlýsingu frá lækni sem staðfestir að viðkomandi lifi í gagnstæðu kyni og ætli að gera það til frambúðar, sé ófrjór, lögráða, hvorki giftur né í

⁴² Österreichisches Standesamt: Gesetze, Verordnungen, Erlässe – Transsexuelle; Personenstandsrechtliche Stellung, lög nr. 9/1993.

30 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

staðfestri sambúð og sé finnskur ríkisborgari eða með varanlegt búsetu-leyfi í Finnlandi. Heimilt er að breyta hjúskap í staðfesta samvist eftir að leiðrétting á kyni hefur átt sér stað ef samþykki maka liggur fyrir. Eins má breyta skráðri samvist í hjúskap að sömu skilyrðum uppfylltum.⁴³

Í 5. gr. segir að eftir að lögleg leiðrétting á kyni hafi átt sér stað njóti viðkomandi þeirra réttinda sem nýja kyninu tilheyrir, nema annað sé tekið fram í lögum.⁴⁴ Í 7. gr. er fjallað um rétt þess er leiðrétt hefur kyn sitt í öðru ríki en Finnlandi og tilheyrir nú gagnstæðu kyni en því sem fram kemur í finnsku þjóðskránni. Er leiðréttingin talin löglega gild án frekari staðfestingar ef viðkomandi var með ríkisborgararétt eða fasta búsetu í því ríki þar sem ákvörðun um lagalega leiðréttingu á kyni var tekin.⁴⁵

Umsækjandi leggur inn umsókn um leiðréttingu á lagalegu kyni til yfirvalda í því sveitarfélagi sem hann er búsettur í eða skráður í samkvæmt þjóðskrá. Ef umsækjandinn hefur ekki fasta eða skráða búsetu í einhverju af sveitarfélögum Finnlands þá sendir hann umsóknina til yfirvalda í Helsinki. Þegar yfirvöld hafa staðfest leiðréttingu á kyni umsækjanda skv. 1. gr. laganna þá skal skrá nýtt kyn í þjóðskrá án tafar.⁴⁶

Lagaleg leiðrétting á kyni hefur ekki réttaráhrif á samband foreldra og barna. Þótt umsækjandi leiðrétti kyn sitt, þá heldur hann áfram að vera það foreldri sem viðkomandi var fyrir breytingu, hvort sem það er faðir eða móðir.⁴⁷ Í lögnum kemur fram að um áfrýjun mála er varða lagalega leiðréttingu á kyni fari eftir lögum nr. 586/1996 (e. *Governing Legislation Use Act*). Í lögnum er ekki fjallað um það hvort leiðrétting á kyni hafi afturvirk áhrif.

3.1.7 Svíþjóð

Í Svíþjóð telst transsexúalismismi til geðsjúkdóma. Meðferðin telst til heilbrigðisþjónustu og gilda um hana sömu lög og reglugerðir og eiga við um

⁴³ Lög um viðurkenningu TS fólks, nr. 563/2002. Sótt af www.finlex.fi/sv/laki/-ajantasa/2002/20020563.

⁴⁴ Sama heimild.

⁴⁵ Sama heimild.

⁴⁶ Sama heimild.

⁴⁷ Dómsmálaráðuneyti Svíþjóðar: *Ändrad konstllhörighet – förslag till ny lag, SOU 2007:16*, 2007, bls. 87.

aðra læknismeðferð. Um rétt einstaklings til að breyta líffræðilegu kyni sínu er fjallað í *Lag om fastställande av könstillhörighet i vissa fall* frá árinu 1972.⁴⁸ Er í lögnum mælt fyrir um þau skilyrði sem umsækjandi þarf að uppfylla svo heimilt sé að leiðrétta lagalegt kyn. Lögin kveða á um að umsækjandi skuli vera sænskur ríkisborgari, einhleypur, ófrjór og 18 ára að aldri. Rökin að baki aldurstakmarkinu eru þau að umsækjandi geri sér fulla grein fyrir ákvörðuninni og afleiðingum hennar. Samkvæmt lögnum er skilyrði að umsækjandi hafi lifað í gagnstæðu kyni um nokkra hríð.⁴⁹

Lögin hafa lengi verið gagnrýnd fyrir að vera gamaldags og því var sett á fót nefnd til að gera heildarendurskoðun á þeim. Nefndin birti álit sitt í mars 2007.⁵⁰ Lagt er til að þeir sem vilja gangast undir aðgerð til leiðréttingar á kyni verði að sýna fram á þeir séu í raun TS einstaklingar líkt og kveðið er á um í núgildandi lögum. Jafnframt þarf viðkomandi að vera hæfur til að takast á við nýtt kynhlutverk og vera orðinn 18 ára. Lagt er til að kröfu um að viðkomandi sé einhleypur verði breytt þannig að hjúskapur breytist í staðfesta samvist og staðfest samvist í hjúskap, að því skilyrði uppfylltu að samþykki maka liggja fyrir. Auk þess er lagt til að skilyrði um ófrjósemi verði breytt þannig að kynkirtlar verði fjarlægðir en að umsækjandi geti fryst kynfrumur til síðari afnota. Þessi tillaga hefur verið harðlega gagnrýnd þar sem hún gangi gegn sjálfsákvörðunarrétti einstaklingsins og mannhelgi. Í álitinu er að auki lagt til að lögin verði ekki lengur einskorðuð við sænska ríkisborgara heldur hafi fólk, sem hafi búið löglega í landinu í a.m.k eitt ár, rétt á að sækja um lagalega leiðréttingu á kyni.⁵¹ Árið 2010 fór önnur nefnd yfir lögin og birti nýjar tillögur að úrbótum.⁵² Tillögur nefndarinnar voru svipaðar þeim fyrri nema hvað mælt er til þess að skilyrði um ófrjósemi verði felld niður en fólk verði gerð grein fyrir þeim afleiðingum sem það getur haft í för með sér að fjarlægja ekki kynkirtla. Einnig var lögð til endurskoðun á aldurstakmarki þannig að

⁴⁸ Lag om fastställande av könstillhörighet i vissa fall frá árinu 1972 (Lag 1972:119).

⁴⁹ *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag.*

⁵⁰ Sama heimild.

⁵¹ Sama heimild.

⁵² Sjá skýrslu nefndarinnar: *Transsexuella och övriga personer med könsidentitetsstörningar – Rättsliga villkor för fastställelse av könstillhörighet samt vård och stöd.* Dómsmálaráðuneyti Svíþjóðar, 2010.

32 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

fólki verði heimilt að breyta lagalegu kyni sínu og hefja hormónameðferð fyrir ef við á; miða eigi við andlegan þroska og heilsu umsækjanda, frekar en aldur.⁵³ Lögunum hefur enn ekki verið breytt.

Í Svíþjóð fer um mannanöfn eftir nafnalögunum frá 1982 (s. *namnlag-en SFS* 1982:670). Í lögunum er ákvæði sem hefur það að markmiði að koma í veg fyrir óviðeigandi eiginnöfn. Þetta ákvæði hefur verið skýrt á þann veg að karlmanni skuli ekki gefið kvenmannsnafn né konu karlmannsnafn. Slíkt ákvæði hefur ekki áhrif fyrir einstakling sem gengist hefur undir aðgerð til leiðréttingar á kyni þar sem honum er löglega heimilt að breyta nafni sínu í samræmi við nýtt kyn. Hins vegar geta þeir sem ekki hafa gengist undir slíka aðgerð ekki breytt nafni sínu.⁵⁴ Nafnalögin hafa verið gagnrýnd í Svíþjóð og þau jafnvel talin úrelt og talið að það ætti að vera val hvers og eins hvaða nafn hann vill bera. Sænska skráningar-skrifstofan (s. *Patent- och registreringsverket*) hefur útbúið lista yfir kynhlutlaus nöfn sem gætu komið að gagni ef einstaklingur kys að breyta um nafn, án þess að gangast undir aðgerð til leiðréttingar á kyni sínu. Samkvæmt lögunum er heimilt að bæta við og taka út fornöfn en það verður ávallt að halda eftir einu af upprunalegu nöfnunum. Þó er mögulegt að sækja um hjá skráningarskrifstofunni ef einstaklingur vill breyta fornafninu sínu algerlega. Einnig er heimilt að breyta eftirnafni og jafnvel búa til nýtt eftirnafn.⁵⁵ Þá má geta þess að lög Svía gegn mismunun kveða á um bann við mismunun á grundvelli kyngervis og kynvitundar (e. *transgender identity or expression*).⁵⁶ Æðsti stjórnarsýsludómstóll Svíþjóðar (s. *Regeringsrätten*) úrskurðaði þann 28. september 2009 að einstaklingar yfir 18 ára aldri hafi rétt til að ákveða fornafn sitt óháð líffræðilegu eða lagalegu kyni. Sérstök nefnd hefur verið skipuð í Svíþjóð til að endurskoða nafnalögin og búið er við að skýrsla hennar liggi fyrir árið 2013. Hægt er að sækja um sérstaka merkingu hjá þjóðskrá í Svíþjóð til að halda leynd yfir nafnbreytingarsögu (s. *sekretessmarkering*).

⁵³ Sama heimild.

⁵⁴ Maja K. Eriksson, Iain Cameron, Thomas Bull: *Legal Study on Homophobia and Discrimination on Grounds of Sexual Orientation – Sweden*, Grundvallarréttindastofnun ESB, Uppsölum, 2008, bls. 32.

⁵⁵ Sjá heimasíðu Patent- och registreringsverket: www.prv.se/Personnamn/Byta-personnamn/Byta-fornamn.

⁵⁶ Diskrimineringslag nr. 567/2008 frá 5. júní 2008.

3.1.8 Danmörk

Í Danmörku eru ekki sérstök lög í gildi um TS einstaklinga og kynleiðréttingu. Hins vegar er fjallað um ófrjósemisaðgerðir í 33. kafla dönsku heilbrigðislaganna⁵⁷ og fjallað er um framkvæmdina í reglugerð.⁵⁸ Í 1. mgr. 115. gr. þeirra laga segir að einstaklingur geti fengið leyfi fyrir vönnun með tilliti til kynskipta ef kynhvöt viðkomandi hefur í för með sér töluverðar sálrænar þjáningar eða félagslega niðurlægingu. Reglugerðarheimild er að finna í 117. gr. laganna og var sett reglugerð um ófrjósemisaðgerðir og vönnun með tilliti til kynskipta 10. janúar 2006 (d. *Bekendtgørelse om sterilisation og kastration, herunder med henblik på kønsskifte nr. 14*). Í 5. gr. reglugerðarinnar segir að senda þurfi beiðni um vönnun í þessum tilvikum til heilbrigðisráðuneytisins (d. *Sundhedsstyrelsen*).

Sækja þarf um leyfi til kynleiðréttingar hjá heilbrigðisráðherra Danmerkur. Að jafnaði er það skilyrði fyrir lagalegri leiðréttingu á kyni að umsækjandinn hafi látið fjarlægja kynkirtla sína en undantekning er stundum veitt ef umsækjandi er ófrjór af öðrum orsökum. Heilbrigðisráðuneytið sendir tilkynningu til þjóðskrár sem breytir skráningu kyns. Í þjóðskrá er sérstaklega skráð að kyni sé breytt í kjölfar aðgerðar til leiðréttingar á kyni. Til að geta breytt skráningu á lagalegu kyni þarf umsækjandi að vera ógiftur og hann þarf sannanlega að hafa verið greindur með kynáttunarfanda. Þeir sem geta sótt um lagalega breytingu á kyni eru danskir ríkisborgarar og útlendingar með gilt búsetuleyfi í Danmörku sem hafa gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni í öðru landi.⁵⁹ Ekki er fjallað um hvaða áhrif skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni hefur á stöðu viðkomandi innan fjölskyldu né heldur um það hvort lagaleg leiðréttig á kyni sé afturvirk.

Eftir að skráningu á lagalegu kyni hefur verið breytt nýtur umsækjandinn allra þeirra réttinda sem hið nýja kyn nýtur samkvæmt lögum í Danmörku. Hann getur því gengið í hjónaband eða staðfesta samvist.⁶⁰ Árið 2010 var reglugerð um vegabréf breytt í Danmörku þannig að heimiluð var X merking í dönsk vegabréf (d. *Bekendtgørelse om ændring af be-*

⁵⁷ Sundhedsloven nr. 95/2008 frá 7. febrúar 2008.

⁵⁸ Vejledning om kastration med henblik på kønsskifte nr. 10077 frá 27. nóvember 2006.

⁵⁹ Dómsmálaráðuneyti Svíþjóðar: *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag*, 2007.

⁶⁰ Sama heimild.

34 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

kendtgørelse om pas m.v. nr. 931 af 15. juli 2010). Í reglugerðinni segir að ríkislögreglustjóri geti leyft einstaklingi sem ekki hefur gengið í gegnum kynleiðréttingu, en sem metinn er af kynfræðideild Ríkisspítalans (d. *Rigshospitalets Sexologiske Klinik*) sem transsexúal eða í mjög svipaðri aðstöðu, að fá kyn sitt merkt sem X í vegabréfi.

Í apríl 2006 tóku ný nafnalög gildi, nr. 524/2005. Lögin banna fólki að bera fornafn eða eftirnafn sem samræmist ekki kyni viðkomandi en fjölskyldu- og neytendamálaráðuneyti er heimilt að setja reglur sem veiti TS einstaklingum undanþágu, að því gefnu að kynfræðideild Ríkisspítalans telji viðkomandi haldinn kynáttunarvanda. Í 2. mgr. 13. gr. segir að ef vafi er á mati kynfræðideildarinnar þá sé heimilt að afla álits lækna ráðs.⁶¹ Hafa verið settar reglur sem fjalla frekar um þessa undanþágu (d. *Bekendtgørelse om navne nr. 923/2009*).

3.1.9 Noregur

Samkvæmt dreifibréfi norska dómismálaráðuneytisins vegna norsku nafnalaganna nr. 19/2002 getur TS einstaklingur breytt nafni sínu þegar hann hefur hafið hormóna meðferð. Viðurkenndur TS einstaklingur hefur einnig heimild til að breyta nafni sínu í samræmi við það kyn sem hann telur sig vera af, óháð því hvort hafið sé ferli til leiðréttingar á kyni.⁶²

Til að fá lagalegt kyn leiðrétt í Noregi þarf umsækjandinn að hafa gengist undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni. Þegar læknir hefur staðfest að leiðrétting á kyni hafi átt sér stað þá er tilkynning send til þjóðskrár. Þjóðskrá breytir þá skráningu á kyni og heimilar breytingu á fornafni. Ef umsækjandi hefur gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni annars staðar en í Noregi þarf yfirlæknir á Ríkisspítalanum að staðfesta að slík aðgerð hafi farið fram svo að hægt sé að breyta lagalegu kyni í þjóðskrá. Eftir að lagaleg leiðrétting á kyni hefur átt sér stað nýtur viðkomandi allra þeirra réttinda sem hinu nýja kyni fylgja.⁶³

Árið 2009 gengu í gildi ný lög sem heimiluðu samkynhneigðum að ganga í hjúskap. Samkynhneigðir njóta nú sömu réttinda og aðrir einstak-

⁶¹ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli IV.

⁶² Dómismálaráðuneyti Noregs: Justits- og Politidepartementets Rundskriv G-20/2002, 2002.

⁶³ Dómismálaráðuneyti Svíþjóðar: *Ändrad konstllhörighet – förslag till ny lag*, 2007.

lingar í hjúskap og mega einnig ættleiða börn. Lesbísk hjón hafa nú einnig heimild til að gangast undir tæknifrjóvgun sem styrkt er af ríkinu. Þetta hefur þau áhrif að einstaklingur sem gengist hefur undir aðgerð til leiðréttingar á kyni þarf ekki að ógilda hjúskap sinn þrátt fyrir að hann teljist vera af sama kyni og makinn eftir að aðgerð hefur verið framkvæmd.⁶⁴

3.2 Evrópuráðið

3.2.1 Mannréttindasáttmáli Evrópu

Mannréttindasáttmáli Evrópu var lögfestur á Íslandi með lögum nr. 62/1994. Í 14. gr. sáttmálans er kveðið á um bann við mismunun, en þar segir:

Réttindi þau og frelsi, sem lýst er í samningi þessum, skulu tryggð án nokkurs manngreinarálits, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Þar sem ákvæðið bannar mismunun vegna „annarrar stöðu“ gefur það til kynna að ekki séu tæmandi taldir þeir þættir sem geta orðið andlag mismununar, s.s. kynhneigð og fötlun, svo dæmi séu nefnd.⁶⁵ Þar af leiðandi getur mismunun á grundvelli þess að einstaklingur sé transsexúal flokkast undir „aðra stöðu“. Hins vegar er vernd 14. gr. gegn mismunun takmörkuð við svið sáttmálans, þ.e. þau réttindi sem vernduð eru í honum. Bann við mismunun, skv. ákvæðinu, er því eins konar fylgiráttur við önnur réttindi sem sáttmálinn verndar. Þannig er ekki hægt að bera fyrir sig að 14. gr. hafi verið brotin ein og sér heldur verður að byggja á að brotið hafi verið gegn ákvæðinu í tengslum við annað efnisákvæði sáttmálans.⁶⁶ Þess vegna tryggir 14. gr. ekki vernd gegn mismunun utan þess sem kemur fram í sáttmálanum.

⁶⁴ ILGA Europe: „Norway adopts gender neutral marriage law“, 2009.

⁶⁵ Philip Leach: *Taking a case to the European Court of Human Rights*, Second Edition, Oxford University Press, 2005, bls. 348.

⁶⁶ Oddný Mjöll Arnardóttir: „Bann við mismunun“, í Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Hjördis Björk Hákonardóttir (ritstj.): *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2005, bls. 436.

36 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Samningsviðauki nr. 12 við mannréttindasáttmála Evrópu var undirritaður í Róm 4. nóvember 2000 og tók gildi 1. apríl 2005. Í viðaukanum er kveðið á um sjálfstætt bann við mismunun á öllum réttarsviðum og þannig er leitast við að bæta úr takmörkunum 14. gr. Viðaukanum er ætlað að vera viðbót við samninginn og hann verndar einstaklinga fyrir almennri mismunun, ekki einungis þeirri sem sáttmálinn kveður á um. Í 1. mgr. 1. gr. viðaukans er kveðið á um þetta sjálfstæða og almenna bann við mismunun:

Öll lagaleg réttindi skulu tryggð án nokkurrar mismununar, svo sem vegna kynferðis, kynþáttar, litarháttar, tungu, trúarbragða, stjórn mála- eða annarra skoðana, þjóðernis eða þjóðfélagsstöðu, tengsla við þjóðernisminnihluta, eigna, uppruna eða annarrar stöðu.

Þegar þetta er ritað (febrúar 2012) hafa 18 ríki fullgilt samningsviðaukann. Ísland er ekki þeirra á meðal en íslensk stjórnvöld hafa engu að síður undirritað viðaukann ásamt 37 öðrum ríkjum. Viðaukinn gildir einungis gagnvart þeim ríkjum sem hafa fullgilt hann. Líkt og í 14. gr. mannréttindasáttmálans er kveðið á um bann við mismunun vegna „annarrar stöðu“. Því getur mismunun á grundvelli þess að viðkomandi sé transsexúal flokkast undir „aðra stöðu“ og er því óheimil.

Auk 14. gr. sáttmálans og viðauka nr. 12 má nefna 8. gr. sáttmálans, sem fjallar um friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 12. gr. sáttmálans, sem kveður á um réttinn til að stofna til hjúskapar, en þau ákvæði vernda einnig réttindi og frelsi TS einstaklinga. Engin ákvæði sáttmálans kveða þó sérstaklega á um bann við mismunun gagnvart TS einstaklingum en sem fyrr segir geta þeir fallið undir „aðra stöðu“ skv. 14. gr. sáttmálans og 1. mgr. 1. gr. samningsviðauka nr. 12. Mannréttindadómstóll Evrópu hefur túlkað 8. og 12. gr. sáttmálans á þann veg að TS einstaklingar njóti verndar ákvæðanna. Sem dæmi má nefna hefur dómstóllinn komist að þeirri niðurstöðu að brotið hafi verið gegn friðhelgi einkalífs TS einstaklings með því að veita nýju kyni hans ekki lagalega viðurkenningu⁶⁷ (sjá nánari umfjöllun í kafla 3.2.2).

Grundvallarregluna um bann við mismunun er einnig að finna í öðrum sértækari sáttmálum sem koma frá Evrópuráðinu. Þann 7. apríl

⁶⁷ Dómur MDE frá 11. júlí 2002 í máli *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi*, nr. 28957/95.

2011 samþykkti ráðherraráð Evrópuráðsins samning um að koma í veg fyrir og berjast gegn ofbeldi gegn konum og heimilisofbeldi.⁶⁸ Þetta er fyrsti mannréttindasamningurinn sem ætlað er sérstaklega að koma í veg fyrir kynbundið ofbeldi og með honum er settur heildstæður rammi sem miðar að því að koma í veg fyrir ofbeldi og tryggja vernd fórnarlamba. Þetta er jafnframt fyrsti alþjóðasamningurinn sem bannar mismunun á grundvelli kynvitundar (e. *gender identity*) og er þar með fyrsti alþjóða-samningurinn sem tekur sérstaklega til transgender mála.⁶⁹

Árið 2010 samþykkti ráðherraráð Evrópuráðsins tilmæli um aðgerðir til að berjast gegn mismunun á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar.⁷⁰ Tilmælin bjóða aðildarríkjunum að tryggja að hinar tilgreindu meginreglur og aðgerðir séu færðar inn í landslög, stefnur og starfshætti ríkjanna sem tengjast mannréttindavernd samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og TS einstaklinga. Tilmælin taka til breiðs sviðs, þ. á m. hatursglæpa, félaga-frelsis, tjáningarfrelsis, fundafrelsis, friðhelgi einkalífs og fjölskyldulífs og mismununar af öðrum ástæðum. Enda þótt tilmælin séu ekki lagalega bindandi þá ber aðildarríkjum Evrópuráðsins að innleiða reglur með vísan til þeirra.⁷¹

Þing Evrópuráðsins hefur einnig samþykkt ályktanir og tilmæli um þessi málefni. Nýjustu tilmælin eru frá 2010 og fjalla um mismunun á grundvelli kynhneigðar og kynvitundar.⁷² Árið 1989 samþykkti þingið tilmæli nr. 1117 um málefni TS fólks,⁷³ þar sem mælst var til þess að aðildarríki breyti löggjöf er varðar TS einstaklinga á þann hátt að tilgreiningu kyns viðkomandi verði breytt í fæðingarvottorði og skilríkjum; heimild verði veitt til breytingar á eigin nafni; einkalíf verndað og öll mismunun hvað varðar grundvallarréttindi og frelsi einstaklinga bönnuð í samræmi við 14. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

⁶⁸ Convention on preventing and combating violence against women and domestic violence (CETS Nr. 210). Samningurinn var opnaður til undirritunar í Ístanbul 11. maí 2011.

⁶⁹ Evrópuráðið: *Discrimination on grounds of sexual orientation and gender identity in Europe*, Strassborg, 2011, bls. 37–38.

⁷⁰ Tilmæli ráðherraráðs Evrópuráðsins CM/REC(2010)5 og greinargerð með tilmælunum, CM(2020)4 add3 rev2E, frá 29. mars 2010.

⁷¹ Council of Europe. *Discrimination on grounds of sexual orientation and gender identity in Europe*, bls. 38.

⁷² Tilmæli Evrópuþingsins nr. 1915(2010).

⁷³ Tilmæli Evrópuráðsþingsins nr. 1117 (1989) um stöðu TS einstaklinga.

3.2.2 Dómafrankvæmd mannréttindadómstóls Evrópu

Mannréttindadómstóll Evrópu hefur fjallað um nokkur mál er varða brot gegn TS einstaklingum. Flest varða þau meint brot gegn 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, er mælir fyrir um réttinn til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og 12. gr., sem kveður á um réttinn til að stofna til hjúskapar. Fyrir dómstólnum hefur verið deilt um hvort 8. gr. sáttmálans feli í sér að einstaklingur hafi, eftir að hafa gengist undir leiðréttingu á kyni, rétt á því að skráningu á lagalegu kyni sé breytt. Ákvörðun um að breyta ekki kyni viðkomandi í þjóðskrá þótti í *Rees* gegn *Bretlandi* (1986)⁷⁴ og *Cossey* gegn *Bretlandi* (1990)⁷⁵ ekki brjóta gegn 8. gr. sáttmálans. Í *B* gegn *Frakklandi* (1992)⁷⁶, *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi* (2002)⁷⁷ og *I* gegn *Bretlandi* (2002)⁷⁸ komst dómstóllinn þó að annarri niðurstöðu, í takt við þróun í Evrópu, og taldi að brotið hefði verið gegn 8. gr. sáttmálans.

Í máli *Goodwin* gegn *Bretlandi* var um að ræða MTF (karl að konu) einstakling sem gengist hafði undir fulla kynleiðréttingu. Kynleiðréttingin hafði verið greidd af heilbrigðiskerfi landsins og viðkomandi lifði sínu daglega lífi sem kona. Þrátt fyrir þetta leit hið lagalega umhverfi á hana sem karlmann hvað varðaði lífeyri, eftirlaun, tryggingar og fleira. Í *Bretlandi* var staðan því sú að truflun varð á einkalífi TS fólks þar sem árekstur varð á milli félagslegs og lagalegs raunveruleika með þeim afleiðingum að það upplifði margt vanmátt, niðurlægingu og kvíða.

Í dómnum kemur fram að það séu skýr og óumdeild merki um alþjóðlega þróun í þá átt að viðurkenna TS einstaklinga, eftir leiðréttingu á kyni, ekki einungis frá félagslegu sjónarhorni heldur einnig lagalegu. Dómurinn leggur áherslu á að kjarni sáttmálans sé virðing fyrir einstaklingnum og frelsi hans. Hugmyndin um sjálfsforræði (e. *personal autonomy*) er ein af grunnhugmyndunum að baki 8. gr. og samkvæmt henni er hverjum og einum veitt vernd í einkalífi sínu, m.a. til að ákveða eigin sjálfsmynd. Réttur TS einstaklinga til persónulegs þroska, líkamlegs og

⁷⁴ Dómur MDE frá 17. október 1986 í máli *Rees* gegn *Bretlandi*, nr. 9532/81.

⁷⁵ Dómur MDE frá 27. september 1990 í máli *Cossey* gegn *Bretlandi*, nr. 10843/84.

⁷⁶ Dómur MDE frá 25. mars 1992 í máli *B* gegn *Frakklandi*, nr. 13343/87.

⁷⁷ Dómur MDE frá 11. júlí 2002 í máli *Christine Goodwin* gegn *Bretlandi*, nr. 28957/95.

⁷⁸ Dómur MDE frá 11. júlí 2002 í máli *I* gegn *Bretlandi*, nr. 25680/94.

siðferðislegs öryggis til jafns við aðra er ekki lengur ágreiningsmál sem krefst tíma til að öðlast betri skilning á eða komast að niðurstöðu um. Dómurinn taldi engin rök benda til þess að almannahagsmunum væri stefnt í voða með því að breyta lagalegri stöðu TS einstaklinga í samræmi við nýtt kyn. Þess heldur taldi hann réttlætanlegt að kröfur væru gerðar til samfélagsins um að það sýndi vissan skilning svo að TS einstaklingum væri gert kleift að búa við reisn og gildi í samræmi við það kyn sem þeir hafa valið. Niðurstaða dómsins var því sú að breska ríkið hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans með því að virða ekki rétt Christine Goodwin til friðhelgi einkalífs, þar sem henni var neitað um lagalega breytingu kyns.

Í máli *Grant* gegn *Bretlandi* (2006)⁷⁹ voru málsatvik þau að kærandinn, sem var breskur ríkisborgari, hafði gengist undir skurðaðgerð til að leiðrétta kyn sitt úr karli í konu. Á fæðingarvottorði var kærandi auðkenndur sem karlkyns en hafði þó lifað sem kona frá árinu 1963. Á almannatryggingavottorði var kærandi auðkenndur sem kona og hafði greitt iðgjöld til almannatrygginga sem kona fram til ársins 1972 og hóf þá að greiða í einkarekinn lífeyrissjóð. Á 60 ára afmæli sínu sótti kærandinn um að fá eftirlaun frá almannatryggingum á árinu 1997. Umsókn kæranda var hafnað á þeim forsendum að hann ætti aðeins rétt á eftirlaunum þegar hann yrði 65 ára en það væri sá eftirlaunaaldur sem ætti við um karlmenn. Á árinu 2005 var kæranda úthlutað skírteini um viðurkenningu á kynferði eftir að hann hafði sótt um það á grundvelli sérstakra laga (e. *Gender Recognition Act*) um lagalega viðurkenningu á kynleiðréttingu. Mannréttindadómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu, með vísan í mál *Goodwin*, að réttur kæranda til friðhelgi einkalífs hefði verið brotinn þar sem kyn hans var ekki lagalega viðurkennt. Dómurinn taldi að frá og með uppkvaðningu dóms í máli *Goodwin* hefði kærandi átt rétt á því að njóta viðurkenningar sem kona að því er eftirlaun varðaði. Því var þó hafnað að kærandi hefði átt að njóta slíkrar viðurkenningar fyrir það tímamark. Niðurstaða dómsins var því sú að brotið hefði verið gegn friðhelgi einkalífs kæranda, sbr. 8. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.⁸⁰

⁷⁹ Dómur MDE frá 23. maí 2006 í máli *Grant* gegn *Bretlandi*, nr. 32570/03.

⁸⁰ *Mannréttindadómstóll Evrópu 2006. Dómarefjanir. 1. hefti 2006* (ritstj. Björg Thorarensen), Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2006.

40 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Sambærilega þróun má sjá varðandi túlkun 12. gr. sáttmálans í ofangreindum málum. Í málum *Rees* gegn *Bretlandi* og *Cossey* gegn *Bretlandi* taldi dómurinn að ekki hefði verið brotið gegn réttinum til að stofna til hjúskapar með því að meina fólki, sem hafði gengið í gegnum kynleiðréttingu, að ganga að eiga fólk af gagnstæðu kyni. Síðari mál bera þó með sér þróun í þá átt að viðurkenna rétt TS einstaklinga til að ganga í hjónaband. Í dómum *Goodwin* gegn *Bretlandi* og *I* gegn *Bretlandi* segir að þótt 12. gr. vísi skýrt til réttar karls og konu til að stofna til hjúskapar, sé dómurinn ekki sannfærður um að í dag eigi þessi skilyrði einungis við um kyn í beinum líffræðilegum skilningi. Miklar félagslegar breytingar hafi átt sér stað er varða hjónabönd sem og mikil læknisfræðileg þróun á sviði transsexúalisma. Í báðum málum taldi dómstóllinn ekkert réttlæta það að banna TS einstaklingum að ganga í hjónaband. Því voru niðurstöður á þá leið að breska ríkið hefði brotið gegn 12. gr. með því að neita kærendum um réttinn til að ganga í hjónaband.

Í *L* gegn *Litháen*⁸¹ var um að ræða einstakling sem var kvenkyns við fæðingu en áttaði sig ungur að árum á því að hann hefði karllæga kynvitund. Árið 1997 lagðist kærandinn inn á spítala til rannsókna á líkamlegu og andlegu ástandi. Sama ár fékk hann þá læknisgreiningu að hann væri TS einstaklingur með kvenkyns kynlitninga. Árið 1998 byrjaði kærandinn í hormónameðferð og skrifaði heilbrigðisráðuneytinu bréf til að fá upplýsingar um möguleg læknisfræðileg og lagaleg úrræði er vörðuðu leiðréttingu á kyni. Svárið frá ráðuneytinu var á þann veg að vinnuhópur hefði verið settur á laggirnar til að meta álitamál er vörðuðu aðgerðir til leiðréttingar á kyni. Eftir það fékk kærandinn engar frekari upplýsingar frá ráðuneytinu. Árið 1999 var honum synjað um frekari hormónameðferð vegna lagalegrar óvissu um áframhaldandi meðferðarmöguleika og hvort hægt yrði að breyta kyni með skurðaðgerð. Sama ár sótti kærandinn um að fá nafni sínu breytt í opinberum skjölum en umsókninni var hafnað. Árið 2000 gekkst kærandinn undir aðgerð til að láta fjarlægja brjóst sín. Með aðstoð þingmanns fékk kærandinn fæðingarvottorði og vegabréfi breytt þannig að kennimark hans væri P.L. þar sem eiginnafrn og eftirnafn voru af slavneskum uppruna og kynhlutlaus. Kærandinn gat ekki valið

⁸¹ Dómur MDE frá 11. september 2007 í máli *L* gegn *Litháen*, nr. 27527/03.

litháískt nafn þar sem þau eru ekki kynhlutlaus. Kærandinn fékk ekki að breyta kennitölu sinni en hún byrjaði á „4“ sem gefur til kynna að viðkomandi sé kvenkyns. Kærandinn áleit því að hann væri í raun kona samkvæmt landslögum og þyrfti þar af leiðandi að þola niðurlægingu og erfiðleika daglega þar sem hann gæti ekki sótt um atvinnu, leitað læknisáðstoðar, haft samskipti við yfirvöld, fengið bankalán, farið yfir landamæri o.fl. án þess að afhjúpa að hann væri í raun kona.

Að mati dómsins voru aðstæður í Litháen sérstakar þar sem í lögum landsins væri heimild fyrir einstaklinga til að breyta kyni sínu en það skorti hins vegar löggjöf um kynleiðréttinguna sjálfa, framkvæmdina, fyrirkomulag og eftirlit við slíkar aðgerðir. Í dóminum kemur fram að þetta hafi orðið til þess að auka þjáningar kærands og hafi leitt til óöryggis og óvissu er varðaði sjálfsmynd hans. Niðurstaða dómsins var því sú að ríkið hefði brotið gegn 8. gr. sáttmálans vegna skorts á lagalegum úrræðum þar sem því bæri að veita TS einstaklingum vernd og viðurkenningu.

Af dómum mannréttindadómstólsins sem hér hafa verið reifaðir má álykta að 8. og 12. gr. sáttmálans komi einna helst til álitna hvað varðar rétt TS einstaklings til að fá skráningu í þjóðskrá breytt, til að fá viðurkenndan rétt sinn til kynleiðréttingar, til að fá lagalega viðurkenningu á leiðréttu kyni og til að stofna til hjúskapar. Túlkun dómstólsins á mannréttinda-sáttmálanum er þannig í þá átt að viðurkenna ríkari réttindi TS fólks til friðhelgi einkalífs og fjölskyldu en áður. Dómurinn hefur úrskurðað að á stjórnvöldum hvíli athafnaskylda til að tryggja þessi réttindi en jafnframt eigi stjórnvöld að forðast óþarfa afskipti af einkalífi TS fólks.

3.2.3 *Evrópusambandið*

Nokkrar tilskipanir ESB fjalla sérstaklega um bann við mismunun. Ein þeirra, nr. 2006/54/EB, nefnir sérstaklega TS einstaklinga.⁸² Tilskipunin fjallar um útfærslu reglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna á vinnumarkaði, en hún byggir á efni eldri tilskipana um jafnrétti

⁸² Tilskipun 2006/54/EB um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf), *Stjórnartíðindi ESB* L 204, 26/07/2006, bls. 23.

42 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

og dómaframkvæmd, með það að markmiði að gera löggjöf á þessu sviði gagnsærri. Tilskipunin hefur að geyma afdráttarlaust bann við mismunun gagnvart TS einstaklingum; í 3. mgr. inngangsorðanna segir:

Evrópudómstóllinn telur að umfang meginreglunnar um jafnrétti karls og konu verði ekki einskorðað við bann við mismunun á grundvelli þess að einstaklingur sé af einu eða öðru kyni. Í ljósi tilgangs og eðlis réttindanna sem ætlunin er að vernda, nær bannið við mismunun einnig til einstaklinga sem hafa gengist undir leiðréttingu á kyni.

Af tilskipuninni er því ljóst að mismunun gagnvart TS fólki getur flokkast undir mismunun á grundvelli kyns. Þetta er eina tilskipun ESB sem fjallar berum orðum um bann við mismunun gagnvart TS fólki. Hins vegar má sjá, í eftirfarandi málum, hvernig Evrópudómstóllinn hefur túlkað tilskipunir ESB á þann hátt að mismunun gagnvart TS einstaklingum falli undir gildissvið ESB-reglna.

3.2.4 Dómaframkvæmd Evrópudómstólsins

Evrópudómstóllinn hefur fjallað um málefni TS einstaklinga í nokkrum málum. Dómstóllinn virðist líta svo á að löggjöf gegn mismunun nái einnig til mismununar gagnvart TS einstaklingum. Í máli nr. C-13/94, *P* gegn *S* og *Cornwall County Council* úrskurðaði Evrópudómstóllinn að tilskipun nr. 76/207/EB um framkvæmd meginreglunnar um jafnrétti karla og kvenna varðandi aðgang að störfum, starfsþjálfun og stöðuhækkunum, sem og varðandi starfskjör ætti að ná til mismununar gagnvart einstaklingum sem hefðu gengist undir kynleiðréttingu (tilskipun nr. 2006/54/EB hefur nú leyst þessa tilskipun af hólmi og því er hún ekki lengur í gildi). Í dóminum kemur fram að 1. mgr. 5. gr. tilskipunarinnar útiloki uppsögn einstaklings á þeim grundvelli að viðkomandi hafi gengist undir leiðréttingu á kyni. Þar sem bann við mismunun á grundvelli kyns telst til grundvallarmannréttinda, verður umfang ákvæðisins ekki einskorðað við að viðkomandi sé af öðru hvoru kyninu. Það verður að ná til mismununar á grundvelli kynleiðréttingar einstaklings sem byggir, í meginatriðum eða einvörðungu, á kyni viðkomandi, þar sem brottrekstur með þeim röksemdum að viðkomandi hafi gengist undir eða hyggist ganga undir leið-

réttingu á kyni er mismunun milli þess einstaklings og þeirra sem eru af því kyni sem viðkomandi var fyrir aðgerðina.⁸³

Í máli nr. C-117/01, *K.B. gegn National Health Service Pensions Agency og Secretary of State for Health* voru málavextir þeir að K.B. hafði um árabil verið í sambúð með P sem hafði verið kona við fæðingu en gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni. Samkvæmt lögum var þeim óheimilt að stofna til hjúskapar þar sem P var enn skráður sem kvenkyns í þjóðskrá Bretlands og honum óheimilt skv. landslögum að breyta lagalegu kyni sínu. Vegna þessa hafði P ekki rétt á að fá dánarbætur ef K.B. myndi deyja á undan honum. Evrópudómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að slíkt fyrirkomulag væri ósamrýmanlegt þeim réttindum sem sett eru fram í 141. gr. EB-sáttmálans⁸⁴ og varða jöfn laun fyrir karla og konur.⁸⁵

Í máli nr. C-423/04, *Sarah Margaret Richards gegn Secretary of State for Work and Pensions* voru málavextir þeir að S hafði leiðrétt kyn sitt úr karli í konu og fór fram á eftirlaun fyrir 65 ára aldur. Samkvæmt breskum lögum gátu konur farið fram á eftirlaun við 60 ára aldur en karlmenn við 65 ára aldur. Var S synjað um eftirlaun fyrir 65 ára aldurinn á þeim grundvelli að hann væri karl. Í dóminum segir að ef kærandi hefði lagalega verið viðurkenndur sem kona hefði hann fengið að fara á eftirlaun við 60 ára aldurinn. Því taldi dómurinn að 1. mgr. 4. gr. tilskipunar nr. 79/7/EB um áframhaldandi beitingu reglunnar um jafnrétti karla og kvenna er varðar félagslegt öryggi yrði túlkuð á þann hátt að hún útiloki löggjöf sem kemur í veg fyrir að einstaklingur sem gengist hefur undir karl að konu-kynleiðréttingu hafi rétt til eftirlauna fyrir 65 ára aldur. Umfang tilskipunarinnar nær því einnig til mismununar gagnvart einstaklingum sem gengist hafa undir kynleiðréttingu.⁸⁶

Af ofangreindum málum er ljóst að Evrópudómstóllinn telur að löggjöf um mismunun nái einnig til mismununar gagnvart einstaklingum sem gengist hafa undir kynleiðréttingu. Þannig er óheimilt að mismuna

⁸³ Evrópudómstóllinn. Mál *P* gegn *S* og *Cornwall County Council*, nr. C-13/94.

⁸⁴ „Each Member State shall ensure that the principle of equal pay for male and female workers for equal work or work of equal value is applied.“

⁸⁵ Evrópudómstóllinn. Mál *K.B.* gegn *National Health Service Pensions Agency og Secretary of State for Health*, nr. C-117/01.

⁸⁶ Evrópudómstóllinn. Mál *Sarah Margaret Richards* gegn *Secretary of State for Work and Pensions*, nr. C-423/04.

44 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

TS einstaklingum þegar kemur að dánarbótum, eftirlaunaréttindum og uppsögnum úr starfi (þ.e. óheimilt er að segja TS einstaklingi upp á þeim grundvelli að hann hafi gengist undir eða hyggist ganga undir kynleiðréttingu). Mismunun gagnvart TS einstaklingi getur þannig flokkast undir mismunun á grundvelli kyns.

3.3 Þjóðaréttur

3.3.1 *Transgender á vettvangi Sameinuðu þjóðanna*

Á síðustu árum hefur verið aukin vakning á vegum Sameinuðu þjóðanna um þau mannréttindabrot sem beinast gegn samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og TS fólki og um mikilvægi þess að gripið sé til aðgerða. Í júní 2011 ályktaði Mannréttindaráð Sameinuðu þjóðanna um mannréttindi samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og TS fólks þar sem það lýsti m.a. áhyggjum af alvarlegum mannréttindabrotum gagnvart þessum hópum og kallaði eftir umbótum. Ályktunin markar mikilvægt skref í þá átt að styrkja rétt transfólks á alþjóðavettvangi, en þetta er í fyrsta sinn sem Sameinuðu þjóðirnar álykta um málefni samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og TS fólks.⁸⁷

Mannréttindanefnd Sameinuðu þjóðanna hefur birt fjölmargar almennar athugasemdir (e. *General Comments*) sem fjalla um réttinn til lífs, m.a. með sérstöku tilliti til kynhneigðar.⁸⁸ Nefnd um efnahagsleg, félagsleg og menningarleg réttindi hefur staðfest regluna um bann við mismunun á grundvelli kynhneigðar⁸⁹ og hið sama hefur nefnd um réttindi barnsins gert.⁹⁰ Í lokaathugasemdum sínum fyrir Bretland lýsti hin síðarnefnda yfir áhyggjum vegna heilsu og velferðar ungs TS fólks, þar sem það hefði ekki aðgang að upplýsingum, stuðningi og vernd sem gerði því kleift að lifa lífi

⁸⁷ Ályktun Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna: Human rights, sexual orientation and gender identity A/HRC/17/L.9/Rev.1, frá 17. júní 2011.

⁸⁸ Sjá til dæmis athugasemdir Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, nr. 2000/31 og 2002/36.

⁸⁹ Almenn athugasemd Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna, nr. 12: The Right to the Highest Attainable Standard of Health (Art. 12), E/C.12/2000, frá 4. ágúst 2000.

⁹⁰ Almenn athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 3: HIV/AIDS og réttindi barnsins, CRC/GC/2003/3, frá 17. mars 2003.

sínu í samræmi við kynvitund sína. Nefndin mæltist til þess að Bretland bætti úr upplýsingagjöf sinni til þessara einstaklinga og veitti þeim nægan stuðning og vernd.⁹¹

Í skýrslu frá sérlegum sérfræðingi Sameinuðu þjóðanna (e. *Special Rapporteur*) um pyndingar og aðra ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu kemur fram að honum hafi borist upplýsingar og ásakanir um ofbeldi gegn samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og TS einstaklingum. Ýmislegt bendir til þess að þessir einstaklingar verði fyrir miklu áreiti, niðurlægingu og andlegu sem og líkamlegu ofbeldi vegna kynhneigðar sinnar eða kynvitundar. Í þeim upplýsingum sem sérfræðingurinn hefur undir höndum er að finna ýmislegt sem varðar m.a. kynferðislegt ofbeldi af hálfu lögreglu og fangelsisyrivalda, nauðungarvistanir á heilbrigðisstofnunum, raflostsmeðferðir, ófullnægjandi lækni meðferð og hótanir yfirvalda um að ljóstrað verði upp um kynhneigð eða kynvitund viðkomandi, m.a. við fjölskyldu.⁹²

Sérfræðingurinn lýsti sérstökum áhyggjum vegna þess að samkvæmt upplýsingum sem hann hefur fengið eru meiri líkur á því að einstaklingur sem nauðgar MTF (karl að konu) einstaklingi verði ákærður fyrir kynferðislega áreitni sem er vægari ákæra en fyrir nauðgun og hefur þar með vægari refsingu í för með sér. Enn fremur liggja fyrir upplýsingar um að MTF (karl að konu) einstaklingar hafi viljandi verið barðir í kinnbein og brjóst sem hafa verið stækkuð með sílíkoni með þeim afleiðingum að sílíkonpúðarnir hafa jafnvel sprungið og eiturefni farið út í líkamann.

Í framangreindri skýrslu kemur fram að mismunun á grundvelli kynhneigðar eða kynvitundar getur haft þær afleiðingar í för með sér að fórnarlambið er svipt mannlegri reisn sem er oft grundvöllur þess að pyndingar og slæm meðferð eigi sér stað. Lagði sérfræðingurinn áherslu á mikilvægi þess að aðildarríki virtu skyldu sína að þjóðarétti til að koma í veg fyrir að minnihlutahópar væru beittir pyndingum, eða annarri ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.

⁹¹ Sjá CRC/C/15/Add.188, málsgr. 43 og 44 (d).

⁹² Skýrsla sérlegs sérfræðings um pyndingar eða ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu, UN Doc. A/56/156, frá 3. júlí 2001.

3.3.2 Yogyakarta-reglurnar

Yogyakarta-reglurnar um beitingu alþjóðalaga í málefnum er varða kynhneigð og kynvitund (e. *Yogyakarta Principles on the Application of International Law in Relation to Issues of Sexual Orientation and Gender Identity*) voru samþykktar á fundi sérfræðinga á sviði þjóðaréttar í Yogyakarta, Indónesíu í nóvember 2006. Reglurnar leggja grunninn að lagalegum viðmiðum um það hvernig stjórnvöldum og öðrum aðilum ber að binda enda á ofbeldi, misnotkun og mismunun gegn samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og TS fólki og tryggja þeim fullt jafnrétti.⁹³

Reglurnar mæla fyrir um grundvallarskyldu ríkja til að innleiða þau réttindi sem lýst er í reglunum en hverju ákvæði fylgir nákvæm tillaga til ríkja um hvernig reglunum skuli komið í framkvæmd. Reglurnar leggja einnig áherslu á mikilvægi þess að aðrir aðilar, svo sem mannréttindakerfi Sameinuðu þjóðanna, þjóðbundnar mannréttindastofnanir, fjölmiðlar og aðrar óháðar stofnanir axli ábyrgð á að efla og vernda mannréttindi samkynhneigðra og TS fólks. Viðbótartillögum í reglunum er sérstaklega beint til þessara aðila. Reglurnar taka til hinna ýmsu sviða en þau eru: nauðganir og annars konar kynbundið ofbeldi, aftökur án dóms og laga, pyndingar, ómannleg eða vanvirðandi meðferð, læknisfræðileg misnotkun, bann við tjáningar- og fundafrelsi, mismunun er varðar vinnustað, heilsu, menntun, húsnæði, aðgang að dómstólum og innflytjendamál. Reglurnar staðfesta að alþjóðlegir mannréttindasamningar eiga við um TS fólk og að ríkjum sé skylt að standa vörð um mannvirðingu og mannhelgi þess og tryggja að það fái notið allra þeirra réttinda sem alþjóðasamningar kveða á um.

⁹³ Yogyakarta-reglurnar. Fáanlegar á www.yogyakarta.org.

4

ÍSLENSKUR RÉTTUR

4.1 Almenn

Á Íslandi er ekki til að dreifa heildstæðri löggjöf um málefni TS fólks líkt og í mörgum nágrannalanda okkar. Engu að síður er framkvæmdin að mestu leyti komin í fastar skorður. Þannig má skipta meðferð TS einstaklinga í fjögur stig: Í fyrsta lagi er um að ræða samtalsmeðferð þar sem TS einstaklingur ræðir við geðlækna sem tekur u.þ.b. tvö ár. Í öðru lagi er um að ræða hormónameðferð, þar sem hormónaframleiðsla viðkomandi er bæld og hormón hins kynsins gefin, í um hálf til eitt ár. Í þriðja lagi er um að ræða atferlismeðferð sem fer fram samhliða hormónameðferð. Einstaklingurinn lifir þá í því kynhlutverki sem hann hyggst taka upp. Í fjórða og síðasta lagi er um að ræða skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni. Hjá MTF (karl að konu) einstaklingum þarf að fjarlægja lim og eistu og útbúa leggöng og margir kjósa að fara í brjóstastækkun og aðrar lýtaaðgerðir, m.a. til að gera andlitsfall kvenlegra. FTM (kona að karli) einstaklingur þarf að láta fjarlægja brjóst, eggjastokka og leg og síðan þarf að byggja upp ytri kynfæri, sem oft getur reynst erfitt.⁹⁴

Faghópur á vegum landlæknis tekur ákvörðun um hvort einstaklingur er hæfur til að gangast undir meðferð og eftir atvikum aðgerð. Í samráðshópnum sitja tveir geðlæknar, tveir kvensjúkdómalæknar og einn lýtalæknir. Greining er á höndum geðlæknis og eru hinir í hópnum einkum til frekari ráðgjafar. Faghópurinn er ekki skipaður samkvæmt lögum og er því hvergi að finna lögbundin fyrirmæli um það hvernig hópurinn skal haga störfum sínum og hvert hlutverk hans nákvæmlega er. Landlæknir tók fram í svari sínu til umboðsmanns Alþingis að litið sé svo á að faghópurinn sé til ráðgjafar um þessi mál á grundvelli sérþekkingar og að

⁹⁴ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli III.

48 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

slíkur hópur þurfi ekki lagastoð frekar en önnur fagráð sem landlæknir hefur sér til ráðgjafar.⁹⁵ Væri það til að styrkja starf hópsins og áframhaldandi framkvæmd ef sett yrðu lagaákvæði um starfsemi hans. Ætti þar að koma fram hvernig standa eigi að skipun í hópinn og hvert hlutverk hans er. Einnig skortir formlegar reglur um áfrýjun mála; brýnt er að skýrt sé kveðið á um í lögum hvert áfrýja megi úrskurði samráðshópsins.⁹⁶

4.2 Framkvæmdin

Við greiningu er að mestu fylgt alþjóðlegum leiðbeiningum WPATH en þær eru: 1) Viðkomandi þarf að hafa langvinna og sterka sannfæringu fyrir því að hann tilheyri hinu kyninu. 2) Hann þarf að finna fyrir alvarlegum óþægindum eða minnimáttarkennd gagnvart eigin kyni, ytri kyn-einkennum og kynfærum. 3) Hann þarf að finna fyrir mikilli vanlíðan og/eða minnkaðri getu til að lifa eðlilegu lífi í samneyti við eigin fjölskyldu, vini og vinnufélaga. 4) Hann verður að hafa lifað í hlutverki hins kynsins í ákveðinn tíma (a.m.k. eitt ár en helst lengur). 5) Hann þarf að vera a.m.k. 18 ára. 6) Hann skal vera einhleypur eða formlega skilinn. (*Hér á landi hefur þó aldrei verið gert að skilyrði að einstaklingurinn skuli vera einhleypur eða formlega skilinn og eftir gildistöku núverandi hjúskaparlaga geta einstaklingar af sama kyni verið giftir.*) 7) Hann verður að hafa meðalgreind, vera félagslega vel settur og ekki vera með bein sturlunareinkenni eða alvarlega persónuleikaröskun.⁹⁷

Áður en greining fer fram er forsaga viðkomandi skoðuð ítarlega til að ganga úr skugga um að hann eða hún stríði raunverulega við kynáttunarvanda. Meðal annars er kynlífssaga viðkomandi skoðuð, einkum í þeim tilgangi að kanna afstöðu viðkomandi til eigin kynfæra. Haldinn er fjölskyldufundur þar sem ferlið er útskýrt fyrir fjölskyldumeðlimum. Tveir geðlæknar meta einstaklinginn og er hann látinn gangast undir sálfræði- og persónuleikapróf, m.a. til að kanna greind. Viðkomandi einstaklingur heldur síðan áfram að hitta geðlæknana, auk þess sem hann ræðir við aðra

⁹⁵ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli III.

⁹⁶ Viðtal höfunda við Óttar Guðmundsson geðlækni, 25. ágúst 2009.

⁹⁷ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli III.

ráðgefandi lækna innan fagteymisins, og er tekin ákvörðun um hvort hormónamedferð sé ráðleg. Hormónamedferð er nauðsynlegur undanfari skurðaðgerðar til leiðréttingar á kyni. Á meðan á þeirri meðferð stendur skal einstaklingurinn lifa sínu daglega lífi í kynhlutverki hins æskilega kyns og gengur þá jafnvel undir viðeigandi nafni. Umsóknum um kynleiðréttingaraðgerðir hefur verið hafnað hér á landi ef lækna hafa komist að þeirri niðurstöðu að viðkomandi einstaklingur hafi verið ranglega greindur eða ef hann er ekki kominn nægilega langt í ferlinu. Einnig hefur einstaklingi verið neitað um að gangast undir aðgerð ef hann er haldinn alvarlegum geðsjúkdómi eða greindarskorti.⁹⁸ Ríkissjóður ber kostnaðinn af þeim skurðaðgerðum sem faghópurinn samþykkir. Í því felst að ríkissjóður greiðir sjálfa kynleiðréttingaraðgerðina, þ.e. breytingu á kynfærum og brjóstum. Ef umsækjandi vill gangast undir frekari aðgerðir, t.d. lýtaaðgerðir á andliti, eða meðferð til að draga úr skeggvexti þá þarf viðkomandi að greiða þann kostnað sjálfur.⁹⁹

Í álitum umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007 var um að ræða kvörtun A yfir synjun dóms- og kirkjumálaráðherra á beiðni hans um nafnbreytingu. Viðkomandi hafði fæðst sem karlmaður en hafði lifað félagslega sem kona í 12 ár þegar kvörtun hans kom inn á borð umboðsmanns. Ráðuneytið sá sér ekki fært að verða við beiðni hans þar sem hann hafði ekki gengist undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni, sbr. það sem að framan er rakið. Fram að því að umboðsmanni Alþingis barst mál A til skoðunar hafði framkvæmdin verið á þann veg að TS einstaklingar þurftu að gangast undir fulla kynleiðréttingu áður en þeim var heimilað að skipta formlega um nafn í þjóðskrá. Í kjölfar fyrirspurna umboðsmanns til þáverandi dóms- og kirkjumálaráðuneytis og til Landlæknisembættisins var framkvæmdin skoðuð og komist að þeirri niðurstöðu að innan ramma gildandi laga væri mögulegt að heimila leiðréttingu á kyni og nafni í þjóðskrá þegar fagráðið teldi einstaklinginn uppfylla skilgreiningu F64.0 í ICD-10-staðlinum og sendi staðfestingu þess efnis til landlæknis.¹⁰⁰

⁹⁸ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli III.

⁹⁹ Viðtal höfunda við Óttar Guðmundsson geðlækni, 25. ágúst 2009.

¹⁰⁰ Viðtal við Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra Þjóðskrár þann 16. september 2011 og Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli III.

50 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

TS einstaklingur þarf því ekki lengur að hafa gengist undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni til að fá nafni sínu og kyni breytt í Þjóðskrá. Er þetta mikilvæg breyting fyrir þá sem af einhverjum ástæðum vilja ekki eða geta ekki gengist undir skurðaðgerð til breytingar á kyni en eru engu að síður haldnir kynáttunarvanda og vilja lifa sínu daglega lífi í gagnstæðu kyni. Þeir þurfa því ekki lengur að búa við þá niðurlægingu og óþægindi sem af því skapast að bera nafn sem samræmist ekki útliti viðkomandi. Nýtt fæðing-
arvottorð er gefið út þar sem hið nýja kyn kemur fram. Þar kemur þó fram að einstaklingurinn hafi áður tilheyrt öðru kyni og heitið öðru nafni.¹⁰¹

Fólk sem fer í kynskiptameðferð og aðgerðir erlendis fellur í raun undir reglur alþjóðlegs einkamálaréttar hér á landi. Þá er átt við að ef einstaklingur hefur fengið nafnbreytingu eða bæði nafn- og kynbreytingu skráða hjá til þess bæru stjórnvaldi erlendis og getur framvísað gildum gögnum um slíkt þá er það samþykkt hér á landi. Annaðhvort skráðu nafni eða bæði skráðu nafni og kyni er breytt í skrá og skjölum hér á landi. Fólk í þessari stöðu leitar helst eftir breytingum hér á landi ef nauðsyn krefur vegna útgáfu vegabréfa eða við flutning aftur til landsins.¹⁰²

4.3 Lög um mannanöfn nr. 45/1996

Í 2. mgr. 5. gr. laga um mannanöfn nr. 45/1996 er kveðið á um að stúlku skuli gefa kvenmannsnafn og að dreng skuli gefa karlmannsnafn. Í 3. mgr. 8. gr. sömu laga kemur fram að stúlkur skuli vera með dótturkenningu til föður síns eða móður og drengir skuli vera með sonarkenningu til föður eða móður. Á þessum grundvelli hefur dóms- og kirkjumálaráðuneytið synjað umsóknum um nafnbreytingu TS einstaklinga þegar þeir hafa ekki gengist undir fulla kynleiðréttingu. Ráðuneytið hefur eingöngu séð sér fært að fallast á nafnbreytingu þegar fyrir liggur staðfesting um að skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni hafi verið framkvæmd. Þegar slík staðfesting er til staðar hefur skráningu um kyn einnig verið breytt í fæðingarvottorði viðkomandi til samræmis við hið nýja kyn.¹⁰³

¹⁰¹ Sbr. viðtal við Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra hjá Þjóðskrá, 16. september 2011.

¹⁰² Sbr. viðtal við Skúla Guðmundsson skrifstofustjóra hjá Þjóðskrá, 16. september 2011.

¹⁰³ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli III.

Að bera nafn sem er ósamræmanlegt útliti manns getur verið niðurlægjandi og leitt til óþæginda í hvert sinn sem framvísa þarf persónuskilríkjum eða greiðslukortum. Sem dæmi um slík óþægindi má nefna að fari einstaklingur úr landi í þeim tilgangi að gangast undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni eða til undirbúnings slíkrri aðgerð getur sú staða komið upp að vegabréf viðkomandi beri enn með sér fyrra kyn hans þótt útlit og klæðnaður samsvari því ekki. Þetta getur haft þær afleiðingar í för með sér að viðkomandi lendir í miklum vandkvæðum við ferðalög á milli landa og þar með talið við endurkomu til Íslands. Þannig neyðist fólk í þessari stöðu oft og tíðum til að veita ókunnugum aðilum viðkvæmar upplýsingar um viðkvæm einkamálefni sín og aðstæður.¹⁰⁴ Á Íslandi eru kennitölur ekki kyngreindar og því er í raun ekki þörf á nýrri kennitölu eftir kynleiðréttingu. Engu að síður kjósa sumir að fá nýja kennitölu og hefur þjóðskrá heimilað það.

Enda þótt hér á landi hafi skapast hefð um ákveðna málsmeðferð og framkvæmd í málum TS fólks þá er nauðsynlegt að setja lög um þessi mál efni til að styrkja réttarstöðu þessa viðkvæma hóps og auka sýnileika hans og viðurkenningu í samfélaginu. Umboðsmaður komst einmitt að þeirri niðurstöðu að tilefni sé til þess að „lagt verði mat á hvort þörf sé á að settar verði skýrari og fyllri reglur um rétt einstaklinga, sem haldnir eru kynskiptahneigð, til að óska eftir breytingu á skráningu nafns og eftir atvikum kyns í þjóðskrá og þá um skyldur stjórnvalda í því sambandi“.¹⁰⁵ Í stjórnarsáttmála Samfylkingar og Vinstri grænna frá 2009 er sérstaklega tekið fram að huga þurfi að réttarbótum í mállefnum TS einstaklinga í samræmi við framangreint álit umboðsmanns Alþingis. Því virðist ekkert vera því til fyrirstöðu að sett verði heildstæð löggiöf til að skerpa á rétti TS einstaklinga.

Í 1. mgr. 13. gr. nafnalaganna kemur fram að ráðherra sé heimilt að leyfa manni breytingu á eiginnafni og/eða millinafni, þar með talið að taka nafn eða nöfn til viðbótar því eða þeim sem hann ber eða fella niður nafn eða nöfn sem hann ber ef telja verður að ástæður mæli með því. Þrátt fyrir breytta framkvæmd stjórnvalda þegar kemur að breytingu nafns og kyns

¹⁰⁴ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli IV.2.

¹⁰⁵ Umboðsmaður Alþingis, 27. apríl 2009 (4919/2007), kafli V.

52 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Í Þjóðskrá er ljóst að í lögum um mannanöfn nr. 45/1996 er ekki að finna sérstakt ákvæði um rétt TS fólks til að breyta nafni sínu. Ákjósanlegt er að kveðið sé á um heimildina með skýrum og ótvíræðum hætti og að þar komi fram á greinargóðan hátt þau skilyrði sem slík undantekning frá 2. mgr. 5. gr. þarf að uppfylla, hvort sem slíkt ákvæði væri sett inn í manna-nafnalögin sjálf eða sérstakan lagabálg um TS einstaklinga.

4.4 Hjúskaparlög nr. 31/1993

Árið 2010 var hjúskaparlögum breytt og lög um staðfesta samvist nr. 87/1996 felld úr gildi. Með breytingunni var hjúskaparlögum breytt á þann veg að einstaklingum af sama kyni var heimilað að ganga í hjúskap. Í 1. gr. laganna segir nú að lögin gildi um hjúskap tveggja einstaklinga en áður sagði að þau giltu um hjúskap milli karls og konu. Þessar breytingar voru stórt og mikilvægt skref í baráttu samkynhneigðra og ekki síður mikilvægt fyrir TS einstaklinga þar sem hjúskapur ætti ekki sjálfkrafa að verða ógildur ef annað hjóna skiptir um kyn, heldur halda gildi sínu svo lengi sem hvorugt óskar eftir skilnaði.

4.5 Barnalög nr. 76/2003

Í framkvæmd er það svo að þegar þjóðskrá breytir skráðu kyni TS einstaklingsins er skjölum er varða barn/börn ekki breytt. Þannig er faðir barns sem breytir um lagalegt kyn og verður framvegis kona áfram skráður faðir barnsins. Á hið sama við ef móðir barns gengst undir skurðaðgerð til leiðréttingar á kyni og verður framvegis karlmaður. Gagnvart barninu verður viðkomandi enn talin móðir þess. Breyting á kyni hefur því ekki réttaráhrif á samband foreldris og barns. Á það einnig við ef viðkomandi hefur ættleitt barn áður en kynleiðrétting á sér stað. Ekki ætti að þurfa breytingar á barnalögum til þess að þessi framkvæmd verði fest í sessi en mikilvægt gæti verið að setja ákvæði um slíkt í heildarlöggjöf um TS einstaklinga.

5

NIÐURLAG

Á Íslandi er ekki til að dreifa heildstæðri löggjöf um málefni TS fólks, en nefnd um réttarstöðu transfólks, sem skipuð var af velferðarráðherra, skilaði í byrjun mars 2012 tillögum í formi frumvarps til laga um réttarstöðu einstaklinga með kynáttunarvanda. Frumvarpið byggir að meginstefnu til á þeirri almennu tilhögun og verklagi sem tíðkast nú hjá stjórnvöldum hér á landi við kynleiðréttingar ásamt þeim viðbótum sem nefndin taldi nauðsynlegar. Verði frumvarpið að lögum er mikilvægt skref stigið í þá átt að styrkja réttarstöðu þessa hóps og auka sýnileika hans og viðurkenningu í samfélaginu. Þar sem um grundvallarmannréttindi – svo sem friðhelgi einkalífs og fjölskyldu og bann við mismunun – er að ræða, er brýnt að taka af allan vafa um réttindi og mannhelgi TS fólks á öllum sviðum mannlífsins.

HEIMILDASKRÁ

Bækur, greinar og skýrslur

- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin: *International Statistical Classification of Diseases and Related Health Problems*, tíunda endurskoðun, 2007. Sótt af: www.who.int/classifications/apps/icd/icd10online/.
- Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin: *The ICD-10 Classification of Mental and Behavioural Disorders*. Sótt af: <http://www.who.int/classifications/icd/en/bluebook.pdf>.
- American Psychiatric Association: *Diagnostic and Statistical Manual of Mental Disorders*. Sótt af: www.behavet.com/capsules/disorders/genderiddis.htm.
- Björg Thorarensen (ritstj.): *Mannréttindadómstóll Evrópu 2006. Dómareifanir. 1. hefti 2006*, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2006.
- Conway, Lynn: „Basic TG/TS/IS Information“, Ann Arbour, 2001. Sótt af: <http://ai.eecs.umich.edu/people/conway/TS/TS.html#anchor322586>.
- Conway, Lynn: „How Frequently does Transsexualism Occur?“, Ann Arbour, 2002. Sótt af: <http://ai.eecs.umich.edu/people/conway/TS/TSprevalence.html>.
- Conway, Lynn: „Lynn’s Facial Feminization Surgery (FFS)“, Ann Arbour, 2001. Sótt af: <http://ai.eecs.umich.edu/~mirror/FFS/LynnsFFS.html#anchor72451>.
- Currah, P., Juang, R. M. og Minter, S. P.: „Introduction“, í Currah, P., Juang, R. M. og Minter, S. P. (ritstj.), *Transgender Rights*, University of Minnesota Press, Minneapolis, 2006.
- Eriksson, Maja K., Cameron, Iain, Bull, Thomas: *Legal Study on Homophobia and Discrimination on Grounds of Sexual Orientation – Sweden*, Grundvallarréttindastofnun ESB, Uppsöllum, 2008.
- Evrópuráðið: *Discrimination on Grounds of Sexual Orientation and Gender Identity in Europe*, Strassborg, 2011.
- Framkvæmdastjórn ESB: *Transgender persons’ rights in the EU Member States*, Brussel, 2010.
- Gender Identity Research and Education Society (GIRES), „King’s Fund, BCC Trans Group, Atypical Gender Development – A Review“, *International Journal of Transgenderism*, Haworth Press Inc., London, 2003. Sótt af: www.gires.org.uk/Text_Assets/ATypical_Gender_Development.pdf.

- Heilbrigðismálaráðuneyti Bretlands: *Trans: A practical Guide for the NHS*, London, 2008.
- Human Rights Watch: “*They Hunt Us Down for Fun*”; *Discrimination and Police Violence Against Transgender Women in Kuwait*, New York, 2012.
- ILGA Europe: „Norway adopts gender neutral marriage law“. Sótt af: www.ilgaeurope.org/europe/guide/country_by_country/norway/norway_adopts_gender_neutral_marriage_law.
- Leach, Philip: *Taking a case to the European Court of Human Rights*, Second Edition, Oxford University Press, 2005.
- Lurie, Nancy Oestreich: „Winnebago Berdache“, *American Anthropologist* 55 nr.1, American Anthropological Association, Arlington, 1953, bls. 708–712.
- Oddný Mjöll Arnardóttir: „Bann við mismunun“, í Björg Thorarensen, Davíð Þór Björgvinsson, Guðrún Gauksdóttir og Hjördís Björk Hákonardóttir (ritstj.): *Mannréttindasáttmáli Evrópu. Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt*, Mannréttindastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík, 2005.
- Peoples’ Union for Civil Liberties: *Human Rights violations against the transgender community – A study of kothi and hijra sex workers in Bangalore, India*. PUCL-Karnataka, Karnataka 2005.
- Samstarfsyfirlýsing ríkisstjórnar Samfylkingarinnar og Vinstrihreyfingarinnar – græns framboðs. Sótt af www.stjornarrad.is/Stefnuyfirlýsing/#Lydraedi_og_mannrettindi.
- Socialstyrelsen: *Transsexuella och övriga personer med könsidentitetsstörningar*. Stokkhólmur, 2010.
- Statens Offentliga Utredningar. SOU 2007:16. *Ändrad könstillhörighet – förslag till ny lag*. Stokkhólmur, 2007. Sótt af: www.regeringen.se/content/1/c6/07/90/17/eaf7d884.pdf.
- The Harry Benjamin International Gender Dysphoria Association: *Standards of Care*. 6. útgáfa. Sótt af: www.wpath.org/Documents2/socv6.pdf.
- The Looking Glass Society. *Transsexualism: A Primer*, 1996. Sótt af: www.looking-glass.greenend.org.uk/primer.htm.
- Whittle, S., Turner, L. og Al-Alami, M., „Engendered Penalties: Transgender and Transsexual Peoples Experiences of Inequality and Discrimination“. *The Equalities Review*, Manchester Metropolitan University, West Yorkshire, 2007.
- Wilson, Glenn: *The Great Sex Divide*. Peter Owen (London) 1989; Scott Townsend (Washington, D.C.) 1992.
- Yogyakarta-reglurnar. Sótt af: www.yogyakartaprinciples.org.
- Zachary I. Nataf, „Whatever I feel“. *The New Internationalist*, 5. apríl 1998. Sótt af: www.newint.org/issue300/trans.html.

Viðtöl

- Óttar Guðmundsson, geðlæknir. Viðtal tekið 25. ágúst 2009.
- Skúli Guðmundsson, skrifstofustjóri Þjóðskrár. Viðtal tekið 16. september 2011.

56 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

Lög, athugasemdir og tilskipanir

Diskrimineringslag nr. 567/2008, frá 5. júní 2008.

Gesetz über die Änderung der Vornamen und die Feststellung der Geschlechtszugehörigkeit in besonderen Fällen (Transsexuellengesetz, TSG), frá 10. september 1980. Sótt af: www.transsexualia.org/documentacion/Germany.pdf.

Norme in materie di rettificazione di attribuzione di sesso, lög nr. 164, frá 14. apríl 1982. Sundhedsloven nr. 95/2008, frá 7. febrúar 2008.

The gender confirmation of transsexual individuals, Act nr. 563/2002. Sótt af: www.transsexualia.org/DOCUMENTACION/Finland2002.pdf.

Vejledning om kastration med henblik på kønsskifte, nr. 10077, frá 27. nóvember 2006. *Åktenskap för par med samma kön – Vigsselfrøgor* (SOU 2007:17).

Österreichisches Standesamt: Gesetze, Verordnungen, Erlässe – Transsexuelle; Personenstandsrechtliche Stellung, nr. 9/1993. Sótt af: www.transsexualia.org/DOCUMENTACION/Austria.pdf.

Athugasemdir og tilmæli alþjóðlegra eftirlitsstofnana

Almenn athugasemd Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 31, 2000/31.

Almenn athugasemd Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 36, 2002/36.

Almenn athugasemd Mannréttindanefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 12: The Right to the Highest Attainable Standard of Health E/C.12/2000, frá 4. ágúst 2000.

Almenn athugasemd Barnaréttanefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 3: HIV/AIDS og réttindi barnsins, CRC/GC/2003/3, frá 17. mars 2003.

Ályktun Mannréttindaráðs Sameinuðu þjóðanna: Human rights, sexual orientation and gender identity A/HRC/17/L.9/Rev.1, frá 17. júní 2011.

Skýrsla sérstaks eftirlitsmanns um pyndingar eða ómannlega eða vanvirðandi meðferð eða refsingu frá 3. júlí 2001, A/56/156.

Tilmæli Evrópuráðsþingsins nr. 1117 (1989) um stöðu TS einstaklinga.

Tilskipun 2006/54/EB um framkvæmd meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf), *Stjórnartíðindi* ESB L 204, 26/07/2006, bls. 23.

Dómar og álit

Mannréttindadómstóll Evrópu

B gegn *Frakklandi*, frá 25. mars 1992, nr. 13343/87.

Christine Goodwin gegn *Bretlandi*, frá 11. júlí 2002, nr. 28957/95.

Cossey gegn *Bretlandi*, frá 27. september 2007, nr. 10843/84.

Grant gegn *Bretlandi*, frá 23. maí 2006, nr. 32570/03.

I gegn *Bretlandi*, frá 11. júlí 2002, nr. 25680/94.

L gegn Litháen, frá 11. september 2007, nr. 27527/03.

Rees gegn Bretlandi, frá 17. október 1986, nr. 9532/81.

Evrópudómstóllinn

K.B. gegn National Health Service Pensions Agency og Secretary of State for Health. Mál nr. C-117/01.

P gegn S og Cornwall County Council. Mál nr. C-13/94.

Sarah Margaret Richards gegn Secretary of State for Work and Pensions. Mál nr. C-434/04.

Álit umboðsmanns Alþingis

Álit umboðsmanns Alþingis í máli nr. 4919/2007.

Gagnlegar vefslóðir

Alþjóðasamtök

Harry Benjamin International Gender

Dysphoria Association

– www.wpath.org

International Gay and Lesbian Human

Rights Commission – www.iglhrc.org

International Intersexual Organization

– www.intersexualite.org

International Foundation for Gender

Expression – www.ifge.org

FTM International – www.ftmi.org

FTM International Network

– www.ftminfo.net

TransGender Europe – www.tgeu.net

Landssamtök

Ísland

Trans-Ísland

Samtökin 78 – www.samtokin78.is

Finnland

Dreamwear Club

– www.dreamwearclub.net

Trasek – www.trasek.net

SETA – www.seta.fi

Noregur

Harry Benjamin resurssenter

– www.hbrs.no

Foreningen for Transpersoner Norge

– www.fpenorge.no

Danmörk

Transvestitforeningen i Danmark (TID)

– www.transvestit.dk

Svíþjóð

Riksförbundet för sexuellt likaberättig-

ande (RFSL) – www.rfsl.se

Patientföreningen Benjamin

– www.foreningenbenjamin.se

Georgía

Gender Education & Advocacy

– www.gender.org

Transgender Day of Remembrance

– www.gender.org/remember/day

Bandaríkin

National Centre for Transgender Equality

– www.transquality.org/

58 RÉTTINDI TRANSGENDER FÓLKS Á ÍSLANDI

The Transgender Center – www.ntac.org
Transgender Law and Policy Institute –
www.transgenderlaw.org

Bretland

Press for Change
– <http://transequality.co.uk/default.aspx>

Transsexual Road Map
– <http://www.tsroadmap.com/index.html>
Transsexuality – www.transsexual.org
Mermaids (family support group for children and teenagers with gender identity issues) – www.mermaids.freeuk.com
Lynn Conway – www.lynnconway.com

Aðrir gagnlegir tenglar:

Transgender Guide
– www.tgguide.com/index.htm